FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

103. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 3. MAÍ 2017

## Sjóður Gamma lánar fyrir íbúðakaupum

**Framtíðin, lánasjóður í stýringu hjá Gamma, hefur fengið leyfi til að bjóða viðbótarlán vegna fasteignakaupa. Lánar frá einni og upp í átta milljónir. Vextirnir ráðast af því eigin fé sem lántakendur leggja til.**

**VIÐSKIPTI** Fjármálaeftirlitið (FME) hefur veitt lánasjóðnum Framtíðinni, sem er fjármagnaður í gegnum skuldabréfasjóði í stýringu hjá fjármálafyrirtækinu Gamma, leyfi til að bjóða fasteignalán.

Um er að ræða viðbótarlán með verðtryggðum vöxtum sem ráðast af því hversu mikið eigið fé lántakendur leggja til. Um er ræða lán frá einni og upp í átta milljónir króna, til að hámarki 25 ára, á öðrum og þriðja veðrétti. Ekki verður lánað fyrir kaupum á eignum sem kosta yfir 55 milljónir króna.

„Við fengum skráningu sem lánveitandi hjá FME þann 1. apríl eða sama dag og ný lög um fasteignalán til neytenda tóku gildi. Henni fylgir ákveðin upplýsingaskylda og við þurfum að senda FME skýrslur mánaðarlega. Á heimasíðu okkar verður reiknivél þar sem hægt verður að slá inn ýmsar forsendur og sjá hvaða vextir eru í boði. Þeir ráðast af markaðskjörum og geta verið breytilegir,“ segir Hrólfur Andri Tómasson, framkvæmdastjóri Framtíðarinnar.

> **Við fengum skráningu sem lánveitandi hjá FME þann 1. apríl eða sama dag og ný lög um fasteignalán til neytenda tóku gildi.**
>
> Hrólfur Andri Tómasson, framkvæmdastjóri Framtíðarinnar



Hrólfur segir lánin koma til með að henta þeim sem eiga ekki fyrir útborgun í íbúð. Aðspurður svarar hann að þau muni einungis gera lántakendum kleift að skuldsetja sig um sem nemur 90 prósentum af verði fasteigna. Fyrirtækið muni bjóða samkeppnishæfa vexti en markmið laganna sem Hrólfur vísar til er jafnframt að stuðla að ábyrgum lánveitingum og sporna við óhóflegri skuldsetningu neytenda.

„Og við munum fara sérstaklega yfir verð í kaupsamningi til að fullvissa okkur um að um markaðsverð sé að ræða.“ **– hg / sjá Markaðinn**



**Innlyksa** **Ferjan Baldur, sem hefur tímabundið tekið við af Herjólfi, var bundin við höfn í gær. Baldur má ekki sigla til Þorlákshafnar og ölduhæð í Landeyjahöfn var of mikil. Flug lá niðri. Eyjamenn eru ósáttir.** Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/GÍSLI

## Evrópuráðið skoðar MMA

**SAMFÉLAG** Hópur innan Evrópuráðsins ræðir nú framtíð MMA og mun koma með ályktun um miðjan júní. Íþróttin, sem sumar þjóðir vilja helst ekkert koma nálægt, hefur ekki verið skoðuð ofan í kjölinn síðan 1999.

„Það er mikil óvissa í kringum MMA og fólk veit ekki endilega hvernig á að bregðast við uppgangi MMA. Sums staðar er þetta skilgreint sem íþrótt en annars staðar ekki,“ segir Viðar Halldórsson félagsfræðingur sem er hluti af hóp innan Evrópuráðsins sem er að skoða MMA, eða blandaðar bardagalistir. „Er þetta heilsusamlegt eða hættulegt? Fólk hefur ekki samræmdar upplýsingar um stöðuna.“ **– bb / sjá síðu 2**

## Varað við heilsuspillandi íbúabyggð í Kapelluhrauni

**UMHVERFISMÁL** „Það þarf að vernda almenning fyrir því sem hann getur ekki verndað sig fyrir sjálfur,“ segir Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, sem gagnrýnir áformaðar breytingar á reglugerð um hollustuhætti.

> **Það á ekki að setja fólk í þá stöðu að það þurfi að búa á slíku svæði.**
>
> Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

„Með þessari breytingu á reglugerðinni sem lögð er til má búast við að búseta fólks verði almenn á iðnaðarsvæðinu í Kapelluhrauni og því borið við að ekki sé um bráðamengun að ræða. Slíkt yrði veruleg afturför í lýðheilsumálum,“ segir í bréfi framkvæmdastjórans til umhverfisráðuneytisins sem hyggur á breytingarnar.

Heilbrigðisnefndin telur breytinguna verða til þess að ekkert eftirlit verði með búsetu fólks á heilsuspillandi þynningarsvæðum. „Það á ekki að setja fólk í þá stöðu að það þurfi að búa á slíku svæði,“ segir nefndin. Ráðuneytið segist ekki taka afstöðu til athugasemdanna á meðan umsagnarferlið er í gangi. **– gar / sjá síðu 4**

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Reynir Arngrímsson skrifar um útgjöld sjúklinga. 12

**TÍMAMÓT** Ylfa Helgadóttir er nýr þjálfari kokkalandsliðsins. 16

**LÍFIÐ** Björk Guðmundsdóttir og Jónas Sen í bókaútgáfu. 22

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




Vinningar í hverri viku - Happdrætti DAS

Meira en milljarður í vinningum ár hvert

Það eru 1000 milljónir!

Nýtt happdrættisár hefst í maí

HAPPDRÆTTI das

Kauptu miða á das.is eða í síma 561 77 57

## Veður




Suðaustan 5-13 á Suður- og Vesturlandi og skýjað með köflum, en heldur hvassari á norðanverðu Snæfellsnesi. Hiti 10 til 16 stig.

SJÁ SÍÐU 18

# Reynir á biðlund veiðimanna



**Fleytifullt Elliðavatn** Mikil rigning hefur verið í Reykjavík síðustu daga eins og glöggir hafa tekið eftir. Veiði átti að hefjast á urriðasvæðunum efst í Elliðaánum þann 1. maí, venju samkvæmt, en áin hefur verið óveiðanleg í vatnsveðrinu undanfarna daga og veiðimenn ekki enn látið sjá sig. Nú er spáð hlýnandi veðri út vikuna og því nokkuð líklegt að það verði líflegra um að litast á bakkanum í vikulok. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Artur Jarmoszko hvarf 1. mars síðastliðinn.

## Rambo hefur ekki rætt við lögregluna

**LÖGREGLUMÁL** Einkaspæjarinn Krzysztof Rutkowski, kallaður Rambo, sem var ráðinn til að aðstoða við leitina að Artur Jarmoszko hefur ekki sett sig í samband við lögregluna vegna rannsóknarinnar. Ekkert hefur spurst til Arturs síðan 1. mars.

Guðmundur Páll Jónsson lögreglufulltrúi, sem fer fyrir rannsókninni á hvarfi Arturs, segist ekkert hafa heyrt frá Rambo síðan hann hóf störf fyrir fjölskyldu Arturs. „Ég ætla að vona að það komi eitthvað út úr þessu hjá þessum manni,“ segir Guðmundur. Hann segist þó vonlítill um það þar sem rannsókn lögreglu hefur verið ítarleg en engan árangur borið.

Fjölskylda Arturs hefur í fjölmiðlum gagnrýnt meint aðgerðaleysi lögreglunnar í málinu. Guðmundur segir það af og frá. „Það stemmir bara ekki. En við getum ekki endalaust gengið fjörur.“

Nánir vinir Arturs og lögregla telja að hvarf hans hafi ekki borið að með saknæmum hætti. – snæ

## Færði Lyf og heilsu til tvítugs sonar síns

**VIÐSKIPTI** Daginn eftir að fjárfestirinn Karl Wernersson var dæmdur í fangelsi í Hæstarétti var leiðréttum ársreikningi skilað og rúmlega tvítugur sonur Karls eignaðist Lyf og heilsu. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær.

Lyfjaverslunin var hluti af fjárfestingarfélaginu Milestone, en seld út úr félaginu 2008. Karl hætti sem framkvæmdastjóri Lyfja og heilsu í fyrra eftir að hann var dæmdur í fangelsi fyrir efnahagsbrot. Milestone var í eigu Karls, Steingríms og Ingunnar Wernersbarna en ásamt Lyfjum og heilsu átti félagið hlut í Sjóvá og Glitni. Félagið varð gjaldþrota árið 2009. Lyf og heilsa rekur í dag tugi apóteka undir merkjum Lyfja og heilsu, Gamla apóteksins og Apótekarans og velti rúmlega sex milljörðum króna árið 2015. – ósk




# Evrópuráðið ályktar um framtíð MMA

Hópur innan Evrópuráðsins ræðir nú framtíð MMA og mun koma með ályktun um miðjan júní. Íþróttin, sem sumar þjóðir vilja helst ekkert koma nálægt, hefur ekki verið skoðuð ofan í kjölinn síðan 1999.




Evrópuráðið vill fá allar upplýsingar upp á borðið og skapa þekkingu á MMA fyrir ráðuneyti, MMA samtökin sjálf og fleiri samtök. Íþróttin er orðin feykilega vinsæl hér á landi, þökk sé framgöngu Gunnars Nelson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SAMFÉLAG** „Það er mikil óvissa í kringum MMA og fólk veit ekki endilega hvernig á að bregðast við uppgangi MMA. Sums staðar er þetta skilgreint sem íþrótt en annars staðar ekki,“ segir Viðar Halldórsson félagsfræðingur sem er hluti af hóp innan Evrópuráðsins sem en að skoða MMA, eða blandaðar bardagalistir. Evrópuráðið mun kynna nýja ályktun í júní um MMA en það var síðast gert árið 1999 og síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar.

„MMA er sprottið frá UFC, sem er fyrirtæki á markaði og kemur með einhverja vöru. Það sem er ólíkt með MMA og hefðbundnum íþróttagreinum er að þær hefðbundnu vinna frá grunni og upp. Það verður til eitthvert grasrótarstarf og smátt og smátt verða til afreksíþróttamenn, fara upp píramídann, en í MMA er þetta akkúrat öfugt. MMA byrjar í öðrum íþróttum og fer öfuga leið sem gerir verkefnið aðeins flóknara.“

Viðar var í París í síðustu viku þar sem hópurinn hittist. Hefur hann tekið viðtöl við fjölda fólks og safnað ógrynni af upplýsingum. Er stefnt að því að kynna ályktunina um miðjan júní. „Er þetta heilsusamlegt eða hættulegt? Fólk hefur ekki samræmdar upplýsingar um stöðuna,“ segir hann. „Á þetta að vera íþrótt? Hvað er hægt að gera til að gera MMA heilsusamlegra? Innviðirnir eru ekki alltaf til staðar, varðandi reglur, þjálfaramenntun, tryggingar og fleira. Þetta er ekki alls staðar til staðar og því var ákveðið að taka stöðuna núna því MMA er orðið mjög vinsælt.“

> Innviðirnir eru ekki alltaf til staðar, varðandi reglur, þjálfaramenntun, tryggingar og fleira. Þetta er ekki alls staðar til staðar og því var ákveðið að taka stöðuna núna því MMA er orðið mjög vinsælt.
>
> Viðar Halldórsson, félagsfræðingur



Hann bendir á að hópurinn sé að reyna að skapa miðlæga þekkingu á MMA sem sums staðar er ekki skilgreint sem íþrótt heldur eitthvað allt annað. „Á annan bóginn er þetta hættulegt og sums staðar tengist þetta skipulagðri glæpastarfsemi en á hinn bóginn er líka verið að vinna gott og öflugt starf, sem virðist bæði vera uppbyggilegt og heilsusamlegt. MMA er mjög vinsælt í Rússlandi og Svíþjóð til dæmis en sums staðar vilja þjóðir banna MMA og helst ekkert vita af þessu. Þetta er því krefjandi og víðfeðmt verkefni.“ benediktboas@365.is

# KJARAKAUP



**VW Golf GTI**
2.0 TSI 220hö
2013 ~~3.840.000~~ KR
Afsláttur 400.000 KR
74 · A
KJARAKAUP **3.440.000** KR



**Audi A4 Avant**
2.0 TDI
2013 ~~3.890.000~~ KR
Afsláttur 600.000 KR
40 · A
KJARAKAUP **3.290.000** KR



**Skoda Superb Ambition**
1.6 TDI
2015 ~~3.990.000~~ KR
Afsláttur 330.000 KR
66 · A
KJARAKAUP **3.660.000** KR



**Mitsubishi Pajero Instyle**
3.2 DID
2015 ~~6.990.000~~ KR
Afsláttur 570.000 KR
83 · A
KJARAKAUP **6.420.000** KR

Raf / Bensín
30 Ekinn þús. km.
Myndir á vef
Dísil
4x4 Fjórhjóladrif
ECO Metan & bensín
A Sjálfskiptur
Beinskiptur
Rafmagnsbíll

## Nú er tækifærið.

Fleiri tilboðsbílar og myndir á netinu: hnb.is



**Mitsubishi Outlander Instyle**
7 manna 2.2 DID
2014 ~~4.150.000~~ KR
Afsláttur 700.000 KR
142 · A
KJARAKAUP **3.450.000** KR



**VW Golf Highline**
1.4 TSI
2013 ~~2.790.000~~ KR
Afsláttur 400.000 KR
86 · A
KJARAKAUP **2.370.000** KR



**Skoda Fabia Combi Ambition**
1.2 TSI
2012 ~~1.690.000~~ KR
Afsláttur 400.000 KR
94 · A
KJARAKAUP **1.290.000** KR



**VW Passat Highline**
1.4 ECOFUEL
2014 ~~2.990.000~~ KR
Afsláttur 640.000 KR
93 · A · ECO
KJARAKAUP **2.350.000** KR



**Toyota Auris Terra**
1.3
2013 ~~2.090.000~~ KR
Afsláttur 300.000 KR
71
KJARAKAUP **1.690.000** KR



**Honda CR-V Lifestyle**
2.0
2013 ~~4.350.000~~ KR
Afsláttur 400.000 KR
38 · A · 4x4
KJARAKAUP **3.950.000** KR



**Mazda 3 Advance**
1.6 Dísel
2013 ~~2.250.000~~ KR
Afsláttur 460.000 KR
79
KJARAKAUP **1.790.000** KR

Volkswagen · ŠKODA · MITSUBISHI MOTORS

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040

# Vestmannaeyingar komust hvorki lönd né strönd í óveðrinu í gær

**VESTMANNAEYJAR** „Þetta er ekki gott fyrir Eyjasamfélagið, að vera alveg sambandslaust," segir Gunnlaugur Grettisson, rekstrarstjóri Herjólfs. Ekkert var siglt milli lands og Eyja í gær. Herjólfur er farinn í slipp og kemur ekki aftur til Vestmannaeyja fyrr en 19. til 20. maí. Flateyjarferjan Baldur er notuð í staðinn en ölduhæð í Landeyjahöfn var of mikil í gær til siglinga. Skipið hefur ekki leyfi til að sigla til Þorlákshafnar.

Elliði Vignisson bæjarstjóri segir samgönguyfirvöld sinnulaus. „Þetta tekur út yfir allan þjófabálk." Ábyrgðin í málinu sé ríkisins.

„Þegar kemur að samgöngum til Vestmannaeyja þá er það bæjarstjórn Vestmannaeyja sem þarf sífellt að vera á varðbergi gagnvart því hvernig hlutirnir eru gerðir. Þetta er svona álíka og að bæjarstjórnin þyrfti alltaf að fara upp í framhaldsskóla og tryggja að börnin væru örugglega að læra mannkynssögu," segir Elliði.




**Gunnlaugur Grettisson segir það slæmt að allar samgöngur hafi legið niðri í vondu veðri sem gekk yfir landið í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Stefnt er á að ný Vestmannaeyjaferja verði komin í gagnið sumarið 2018. Sú ferja getur siglt í meiri ölduhæð en Baldur. „En það breytir því ekki að á meðan alúð Vegagerðarinnar gagnvart samgöngum Vestmannaeyja er ekki meiri en þetta, þá verðum við í erfiðleikum."

Það verði að gera kröfu að samgöngum til Eyja sé sinnt í samræmi við mikilvægi þeirra. Ef ríkið geti ekki sinnt verkefninu sé Vestmannaeyjabær reiðubúinn til þess. **– jhh**



**Samkeppni er um nemaplássin í sjávarútvegsfræðum í Noregi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Flykkjast í nám í sjávarútvegi

**NOREGUR** Aðsókn í sjávarútvegsfræði við háskólana í Tromsö og Bodö í Noregi hefur nær þrefaldast á undanförnum fjórum árum og eru umsækjendur við hvorn skólann nú á þriðja hundrað. Algengt er að nemarnir hverfi til starfa í faginu áður en þeir hafa lokið námi, að því er segir á vefnum Dagens Næringsliv.

Fjölgun nema í sjávarútvegsfræðum er skýrð með því að fleiri hafi uppgötvað atvinnumöguleikana á þessu sviði. **– ibs**

## Fylgdarlaus börn seld mansali

**SVÍÞJÓÐ** Aðeins ein af 68 kærum vegna mansals með börn í Svíþjóð leiddi til ákæru. Þetta er niðurstaða rannsóknar á vegum yfirvalda í Stokkhólmi sem gerð var 2015 og fyrstu sex mánuði ársins 2016. Meirihluti barnanna, eða 66 prósent, kom fylgdarlaus til Svíþjóðar.

Fyrr á þessu ári greip lögreglan til aðgerða gegn hring sjö barnaníðinga í Svíþjóð sem höfðu verið hleraðir. Barnaníðingarnir, sem þekkst höfðu í nær 20 ár, ræddu meðal annars um að ræna börnum frá fátækum löndum. **– ibs**

# Heilbrigðisnefnd telur opnað á búsetu á heilsuspillandi svæði

**Ekkert eftirlit verður með búsetu á heilsuspillandi svæðum nærri mengunarvöldum með breytingu sem umhverfisráðuneytið áformar á reglugerð um hollustuhætti. Þetta segir heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sem sér fyrir búsetu í Kapelluhrauni. Ráðuneytið svarar ekki gagnrýninni að svo stöddu.**

**UMHVERFISMÁL** „Heilbrigðisnefnd varar við breytingum varðandi búsetu á þynningarsvæðum mengunar," segir heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis í umsögn um fyrirhugaða breytingu á reglugerð um hollustuhætti.

Það er umhverfis- og auðlindaráðuneytið sem hefur kynnt reglugerðarbreytinguna.

„Skilgreint þynningarsvæði er til að vernda fólk. Það á ekki að setja fólk í þá stöðu að það þurfi að búa á slíku svæði. Heilbrigðisnefnd telur að breytingin leiði til þess að ekkert eftirlit verði með búsetu fólks á heilsuspillandi þynningarsvæðum," segir í bókun heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Þynningarsvæði hafa verið skilgreind í kring um mengandi starfsemi þar sem varnarbúnaður nær ekki að ná niður mengunarálaginu.

Í bréfi Guðmundar H. Einarssonar framkvæmdastjóra fyrir hönd heilbrigðisnefndarinnar segir að nefndin hafi í rúman áratug vakið athygli á nauðsyn þess að afla upplýsinga í þessum málum. Vísað er til langtíma rannsóknar Náttúrufræðistofnunar á þungmálmum í mosa. Þekking undanfarinna ára styrki þá skoðun að skýra þurfi betur staðsetningu íbúðarhúsnæðis til að ná markmiðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

„Með þessari breytingu á reglugerðinni sem lögð er til má búast við að búseta fólks verði almenn á iðnaðarsvæðinu í Kapelluhrauni og því borið við að ekki sé um bráðamengun að ræða. Slíkt yrði veruleg afturför í lýðheilsumálum," segir í bréfi framkvæmdastjórans. Eins og kunnugt er stendur álverið í Straumsvík neðan Kapelluhrauns.



**Mikið pláss er í Kapelluhrauni sem varað er við að fari undir íbúðarhúsnæði ef reglugerð verður breytt.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Má búast við að búseta fólks verði almenn á iðnaðarsvæðinu í Kapelluhrauni og því borið við að ekki sé um bráðamengun að ræða. Slíkt yrði veruleg afturför í lýðheilsumálum.**
>
> Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Guðmundur segir við Fréttablaðið að breytingin feli í sér að ekki verði lengur vísað til þynningarsvæða í reglugerð. Gamla ákvæðið vitni í reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur valdið mengun. Það bjóði upp á hártoganir að fella þetta út.

„Menn eiga að skrifa það sem þeir meina í reglugerð þannig að ekki sé verið að hártoga og segja: Getur þú sannað það? Þú sérð ekkert lík á götunum," segir Guðmundur. Hættan felist í því að hlutir séu ekki kallaðir réttum nöfnum í reglugerðinni og búseta á skilgreindum þynningarsvæðum ekki hreinlega bönnuð.

„Þar sem er álver er flúor og brennisteinsdíoxíð mælt, en þá eru líka ýmis snefilefni sem er ekki verið að mæla, þungmálmar og kólísýklar. Það þarf að vernda almenning fyrir því sem hann getur ekki verndað sig fyrir sjálfur," segir Guðmundur H. Einarsson.

Bergþóra Njála Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi hjá umhverfisráðuneytinu, segir að enn sé verið að fara yfir umsagnir um reglugerðarbreytinguna og afstaða ráðuneytisins til einstakra umsagna liggi ekki fyrir. Reglugerðin hafi ekki tekið gildi.

**gar@frettabladid.is**

Smærri viðgerðir

01

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

**Skattskrár vegna álagningar 2016 og virðisaukaskattskrár vegna tekjuársins 2015 verða lagðar fram 3. maí 2017**

Skrárnar, sem sýna álagða skatta og gjöld á gjaldendur í hverju sveitarfélagi, eru lagðar fram á viðkomandi starfsstöðvum ríkisskattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum dagana 3. maí til og með 16. maí 2017.

Framlagning skattskráa er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 og 46. gr. laga nr. 50/1988.

3. maí 2017

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI




VERÐ FRÁ:

**2.390.000** kr.

Eyðsla frá 3,5 l/100 | $CO_2$ losun frá 90 g/km

## FRELSI TIL AÐ FARA

Gæði Peugeot 2008 heilla þig strax. Draumabíllinn þinn sem vilt sparneytinn, snaggaralegan bíl með mikla veghæð og háa sætisstöðu. Bíllinn sem veitir þér frelsi til að fara þangað sem þú vilt. Peugeot 2008 er glæsilegur bíll með mjúkum línum sem hentar við fjölbreyttar aðstæður. Peugeot 2008 er framdrifinn, duglegur í snjónum og með stórt farangursrými, 16,5 cm veghæð og innstigið er þægilegt því þú situr hærra. Puretech vélarnar eru þekktar fyrir sparneytni og fáanlegar bæði beinskiptar og sjálfskiptar.

# PEUGEOT 2008

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16




Pressan hefur ekki greitt opinber gjöld í einhvern tíma undir stjórn Björns Inga Hrafnssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Meira hlutafé til að greiða opinber gjöld

**FJÖLMIÐLAR** Þörf er á að bæta við fé ofan á þær 300 milljónir sem tilkynnt var um að kæmu inn í félagið Pressuna á næstu mánuðum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Pressan ekki greitt opinber gjöld, þar með talið lífeyrisgreiðslur starfsmanna sinna, í einhvern tíma og þarf því umtalsverða fjármuni í viðbót inn í fyrirtækið, meðal annars til að dekka þau gjöld.

Lífeyrissjóður verslunarmanna (LIVE) getur ekki staðfest að opinber gjöld séu ógreidd, einungis starfsmenn geta fengið upplýsingar um sín iðgjöld. Þórhallur B. Jósepsson, upplýsingafulltrúi hjá LIVE, segir sér þó finnast líklegt að sé þetta svona hjá einum starfsmanni þá sé þetta svona hjá fleirum. „Í einhverjum tilvikum hafa dottið niður iðgjöld hjá einstaka starfsmanni fyrir slysni, en ef fyrirtæki stendur ekki skil á iðgjöldum eins starfsmanns, þá er það venjulega hluti af stærra vandamáli.“

Björn Ingi Hrafnsson, fyrrverandi stjórnarformaður Pressunnar, kannast ekki við að það þurfi að auka við þessar 300 milljónir. „Þú þarft að tala við aðra um þessi mál, það eru aðrir teknir við félaginu. Það er ekki mitt lengur,“ sagði hann í samtali við fréttastofu.

Greint var frá því í apríl að útgáfufélagið Pressan væri að ljúka hlutafjáraukningu fyrirtækisins. Hlutafé í Pressunni, móðurfélagi Vefpressunnar, DV og Birtíngs, verður aukið um 300 milljónir króna. Samkvæmt heimildum er þessari hlutafjáraukningu ætlað að dekka endurfjármögnun félagsins en þó vantar töluvert upp á.

Fjárfestingarfélagið Dalurinn ehf., sem er meðal annars í eigu Róberts Wessman, er í hópi þeirra sem standa að baki hlutafjáraukningunni og leggur Pressunni til 155 milljónir. – sg

## Kanslarinn heimsótti fyrrverandi leyniþjónustumanninn



**Vladimír Pútín**, forseti Rússlands, tók á móti Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, í Sochi í gær. Staðan í málum Sýrlands og Úkraínu var í brennidepli á fundinum. Þá var rætt um meðferð Tsjetsjena á samkynhneigðum auk löggjafar Rússa sem takmarkar rétt fólks til mótmæla. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hækkunin nemur 56 milljörðum

**Samtök atvinnulífsins telja að almennar launahækkanir kosti fyrirtækin í landinu tugi milljarða. Hagfræðingur hjá Landsbanka segir að styrking krónunnar dragi úr áhrifum launahækkana á verðbólguþróun.**

**EFNAHAGSMÁL** Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu um 4,5% þann 1. maí samkvæmt kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins og aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands.

Samtök atvinnulífsins telja að heildarlaunagreiðslur fyrirtækja á almennum markaði á árinu 2016 hafi numið 930 milljörðum króna og gera því ráð fyrir að hækkunin nemi 42 milljörðum króna, en um 56 milljörðum króna þegar mótframlag vinnuveitenda í lífeyrissjóð er tekið með í reikninginn.

Ari Skúlason, hagfræðingur hjá hagfræðideild Landsbankans, segir erfitt að spá fyrir um áhrif hækkunarinnar á verðlag. „Þetta samhengi sem við þekktum að þjónusta og verð á vörum hækkaði daginn eftir launahækkun er bara ekki fyrir hendi,“ segir hann.

> **Það virðist vera að fyrirtækin hafi að jafnaði getað tekið launahækkanirnar síðustu tvö árin án þess að nokkuð gerðist.**
>
> Ari Skúlason, hagfræðingur hjá Landsbankanum



Til útskýringa segir hann að við síðustu kjarasamninga, árið 2015, hafi verið gert ráð fyrir að launahækkunin færi beint inn í verðlagið. „En það gerðist ekki og síðan erum við búin að vera í hagkerfi sem er allt, allt öðruvísi en við höfum þekkt áður, út af gengisstyrkingunni. Það virðist vera að fyrirtækin hafi að jafnaði getað tekið launahækkanirnar síðustu tvö árin án þess að nokkuð gerðist,“ segir hann.

Í aðdraganda síðustu kjarasamninga voru höfð uppi hörð varnaðarorð um áhrif kjarasamninga á verðbólguþróun. „Líkur á hagstæðu samspili lítillar innfluttrar verðbólgu og hóflegra kjarasamninga virðast nú hverfandi, enda hafa verðbólguvæntingar hækkað frá síðustu spá eftir að hafa lækkað í markmið í upphafi árs. Samkvæmt grunnspá bankans fer verðbólga yfir markmið strax í upphafi næsta árs og líklegra er að verðbólga verði meiri en spáð er en að hún verði minni,“ sagði í yfirlýsingu peningastefnunefndar hinn 15. maí 2015. Var gert ráð fyrir að verðbólga yrði ríflega 3 prósent frá miðju ári 2016 fram á fyrsta fjórðung árið 2018.

Í yfirlýsingu nefndarinnar hinn 10. júní 2015, þegar búið var að skrifa undir kjarasamninga, kom síðan fram að verðbólguhorfur hefðu versnað verulega, enda hafi verið samið um mun meiri launahækkanir en gert hafði verið ráð fyrir í spá bankans.

Allt frá því þetta var skrifað hefur tólf mánaða verðbólga ekki náð verðbólgumarkmiði Seðlabankans, sem er 2,5 prósent. Samkvæmt mælingum Hagstofunnar fór hún hæst upp í 2,2 prósent í ágúst 2015 og september 2016. jonhakon@frettabladid.is

LYFJA
– Lifið heil

Heilsutjútt 3.–14. maí

Góð heilsa er gulli betri - vertu hress fyrir sumarið!

Skoðaðu fjölda tilboða á heilsuvörum í bæklingi Lyfju eða í netversluninni á **lyfja.is**

10-30% AFSLÁTTUR af völdum heilsuvörum

www.lyfja.is

NORÐURÁL 2016

# GRÆNT BÓKHALD

www.nordural.is/graentbokhald




**Grænt bókhald Norðuráls fyrir árið 2016 veitir ítarlegt yfirlit yfir öll efni sem koma við sögu í starfsemi fyrirtækisins og allt sem frá því fer.**

Helstu niðurstöður eru að losun flúors, $SO_2$ og ryks er langt innan þeirra marka sem fyrirtækinu eru sett í starfsleyfi. Að auki hefur tekist að auka endurvinnslu, draga úr notkun ýmissa hráefna og auka umhverfisvitund starfsfólks enn frekar. Þannig drögum við úr áhrifum okkar á umhverfið eins og frekast er unnt.

Með vönduðum vinnubrögðum, bestu fáanlegu tækni, umhverfisvænni orku og ekki síst framúrskarandi starfsfólki teljum við okkur hafa tekist að framleiða umhverfisvænasta ál í heimi.




Losun $CO_2$ vegna starfsemi Norðuráls heyrir undir viðskiptakerfi ESB og þarf að ná markmiðum um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda.

# Krúnan vill bætur fyrir brjóst Katrínar

**FRAKKLAND** Breska krúnan fer fram á 1,5 milljóna evra skaðabætur, andvirði rúmlega 174 milljóna íslenskra króna, vegna brjóstamynda af hertogaynjunni af Cambridge, Kate Middleton. Myndirnar birtust í frönskum glanstímaritum 2012. Myndirnar voru teknar úr leyni þar sem Vilhjálmur Bretaprins og Katrín slökuðu á á strönd í Frakklandi en þar var hún ber að ofan. Hluti myndasafnsins var ekki birtur í tímaritunum en komst síðar í dreifingu. Þar sést hvar prinsinn smyr sólarvörn á þjóhnappa eiginkonu sinnar. Myndirnar settu sálarlíf bresku þjóðarinnar á hliðina.



**Vilhjálmur og Katrín hafa verið gift síðan 2011.** NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrir frönskum dómstólum er nú mál þar sem ritstjórum blaðanna auk ljósmyndaranna er gefið að sök að hafa rofið friðhelgi einkalífs kóngafólksins. Bótakrafan er tilkomin vegna þess skaða sem myndbirtingin olli.

Lögbann var lagt á birtingu myndanna en dugði skammt. Skömmu síðar var þær að finna á vefsíðum í Norðurlöndunum, Ítalíu og í Bretlandi. Helsta málsvörnin felst í því að myndirnar sýni Vilhjálm og Katrínu í áður óséðu ljósi sem sé síst til þess fallið að valda þeim ama. Ljósmyndararnir neita því að hafa smellt af þrátt fyrir að greiðslur til þeirra beri vott um annað. **– jóe**




HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

Fimmtudagurinn 4. maí 2017 í Háskólanum í Reykjavík

HEILBRIGÐISTÆKNIDAGURINN 2017

Heilbrigðistæknidagurinn verður haldinn í sjöunda sinn þann 4. maí í HR. Að þessu sinni verður áhersla lögð á tvö viðfangsefni innan geirans; Skapalón til vefjaendurnýjunar og ígræði og Not heilarita í taugaverkfræði.

13:15 **Ávarp:** Áróra Helgadóttir, heilbrigðisverkfræðingur og jógakennari.

SKAPALÓN TIL VEFJAENDURNÝJUNAR OG ÍGRÆÐI

13:20 **Smart Scaffolds for Tissue Engineering**
Birgit Glasmacher, prófessor, Institut for Multiphaseprocesses and Center for Biomedical Engineering, University Hannover.

13:55 **Hlé**

14:00 **Stoðefni úr þorskroði, bót og byggingasteinn líkamans**
Baldur Tumi Baldursson, læknir, klínískur rannsóknarstjóri, Kerecis ehf.

14:15 **Beinaígræðlingar gerðir með mótum**
Ólafur Eysteinn Sigurjónsson, dósent við Háskólann í Reykjavík og forstöðumaður rannsókna við Blóðbankann.

14:30 **Nýjungar í gerð ígræðlinga**
Gissur Örlygsson, efnafræðingur, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

14:45 **Kaffihlé**

NOT HEILARITA Í TAUGAVERKFRÆÐI

15:15 **Fjölþátta greining heilarita með tilliti til greiningar á heilabilunum**
Kristinn Johnsen, eðlisfræðingur, CSO, Mentis Cura ehf.

15:30 **Fiskað eftir nýjum miðtaugakerfislyfjum: Lyfjaskimanir með sebrafiskum**
Karl Ægir Karlsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík.

15:45 **Sensation in body transfer illusion on artificial limb**
Kyle Edmunds, heilbrigðisverkfræðingur, Háskólanum í Reykjavík.

16:00 **Lokaorð:** Helga Jóna Harðardóttir fundarstjóri, heilbrigðisverkfræðingur hjá Expectus.

Ráðstefnan er haldin í fyrirlestrasal M209 í Háskólanum í Reykjavík.
Þátttakendur eru beðnir um að tilkynna komu sína í tölvupóstfangið **skraning@ru.is**

Heilbrigðistæknidagurinn er öllum opinn og aðgangur er ókeypis.




**Ákærði ásamt verjanda fyrir aðalmeðferðina í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Millifært beint á félagið Reisn

## Aðalmeðferð í skattsvikamáli fyrrverandi eiganda Strawberries fór fram í gær. Maðurinn krefst frávísunar eða sýknu vegna þess hve málið hefur dregist.

**DÓMSMÁL** Héraðssaksóknari fer fram á að fyrrverandi eigandi kampavínsklúbbsins sáluga Strawberries verði dæmdur í 18 mánaða fangelsi og til greiðslu rúmlega 242 milljóna króna í sekt vegna skatta- og bókhaldsbrota. Aðalmeðferð í málinu fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Rannsókn málsins hófst á haustmánuðum 2013 en þá lék grunur á að vændiskonur væru gerðar út á staðnum. Það mál var síðar fellt niður og eftir stóð dómsmál vegna meintra skattalagabrota.

Manninum er gefið að sök að hafa vantalið 64 milljóna króna tekjur á skattframtali sínu og vantalið 230 milljóna króna virðisaukaskattskylda veltu í rekstri Strawberries. Þá er hann einnig ákærður fyrir að hafa ekki hirt um að halda bókhald fyrir félagið.

Maðurinn neitar sök og krefst því að málinu verði vísað frá dómi eða hann sýknaður sökum þess hve langan tíma rekstur málsins hefur tekið. Í máli saksóknara kom hins vegar fram að þann drátt megi að miklu leyti rekja til þess hve stopult bókhald Strawberries var.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi. Í máli hans kom fram að staðurinn hefði verið „partýklúbbur“ en aldrei vændishús. Þá sagðist hann ekki hafa séð um að færa bókhaldið sjálfur heldur hefði hann komið gögnunum til bókara.

„Ég hef aldrei séð þessi skjöl. Ég bara man þetta hreinlega ekki og kannast ekki við þetta,“ sagði hann meðal annars. Þá sagðist hann hafa glímt við minnisleysi frá því hann var hnepptur í gæsluvarðhald á rannsóknarstigi málsins.

Bókari félagsins bar vitni fyrir dóminum. Í máli hans kom fram að örðugt hefði verið að stemma bókhald félagsins af þar sem gögn og reikningar til þess voru ófullnægjandi. Útskriftir úr tölvukerfi staðarins hefðu sífellt verið í ólagi og því hefði hann verið nauðbeygður til að styðjast við munnlegar heimildir ákærða um tekjur Strawberries.

Þrír fyrrverandi viðskiptavinir staðarins mættu fyrir dóminn og báru vitni um að þeir hefðu keypt „vörur og þjónustu“ af staðnum. Greitt hefði verið fyrir þá þjónustu með millifærslu inn á persónulegan reikning ákærða eða inn á reikning félagsins Reisn ehf. Í skýrslu ákærða kom fram að það fé hefði ekki runnið til hans heldur í „verktakagreiðslur til stelpnanna“.

Dóms er að vænta á næstu vikum.
**johannoli@frettabladid.is**

# Hillary kennir síðustu dögunum um tapið

**BANDARÍKIN** Hillary Clinton, forsetaframbjóðandi Demókrata, segist taka fulla ábyrgð á því að hún hafi tapað fyrir Donald Trump í forsetakosningunum í nóvember síðastliðnum. Þrátt fyrir það telur hún að hefði kjördagur verið tveimur vikum fyrr sæti hún nú í Hvíta húsinu.

„Ég var frambjóðandinn, nafnið mitt var á kjörseðlinum. Þegar ég lagði í þessa vegferð vissi ég af þeim hindrunum sem við þurftum að yfirstíga á leið okkar,“ sagði Clinton í samtali við CNN í gær. Í kjölfarið bætti hún því við að hefði ekki komið til bréfs Jims Comey, stjórnanda FBI, og tölvupóstsleka Wikileaks skömmu fyrir kjördag hefði hún unnið.

Í yfirlýsingu Comeys kom fram að tölvupósturinn sem birtist í lekanum gæfi ástæðu til að rannsaka á nýjan leik hvort Clinton hefði brotið lög með tölvupóstsamskiptum sínum meðan hún var utanríkisráðherra.



**Mörgum kom ósigur Clinton mjög á óvart.** NORDICPHOTOS/GETTY

„Þessi inngrip dagana fyrir kosningar eru ástæða tapsins.“ Aðspurð hvort hún hefði ekki áhyggjur af því að Trump myndi tísta um þessi ummæli sagði Clinton að hún vonaði það. Það dreifði huga forsetans frá alvarlegri málum þar sem hann gæti valdið skaða. **– jóe**




Við óskum **Landspítalanum** innilega til hamingju með **Grænt ljós** frá Orkusölunni. Upplýstir viðskiptavinir okkar eiga kost á að fá Grænt ljós, sem staðfestir að þeir noti **100% endurnýjanlega orku.** Það felur í sér tækifæri til aðgreiningar á markaði þar sem græn vottun gegnir lykilhlutverki. Þú sækir um Grænt ljós á **www.orkusalan.is.**

orkusalan

422 1000 | orkusalan@orkusalan.is | orkusalan.is | Finndu okkur á Facebook

Brandenburg / SÍA



14. JÚNÍ – 9. ÁGÚST

# KRAKKA- OG ÍÞRÓTTAKLÚBBUR

## Á GRAN CANARIA Í SUMAR

## HVERT ÆTLAR ÞÚ Í SUMAR? SPENNANDI SÓLARÁFANGASTAÐIR OG GÓÐ

VINSÆLT FJÖLSKYLDUHÓTEL



### TENERIFE

10.–16. MAÍ **TROYA HOTEL** ★★★★

VERÐ FRÁ **99.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn með morgunverð.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 109.900 kr.

ALLT INNIFALIÐ



### ALMERIA

16.-23. JÚNÍ **ROC TRINIDAD** ★★★★

VERÐ FRÁ **89.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn með ALLT INNIFALIÐ.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 119.900 kr.

ALLT INNIFALIÐ



### KANARÍ

21.–28. JÚNÍ **IFA BUENAVENTURA** ★★★

VERÐ FRÁ **89.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn með ALLT INNIFALIÐ.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 103.900 kr.



ÚRVAL ÚTSÝN

Úrval Útsýn verður með skemmtilegan krakka-og íþróttaklúbb í sumar á Corona Blanca íbúðahótelinu á Gran Canaria. Hinn hressi og hæfileikaríki íþróttafræðingur Guðni Páll Kárason verður með krökkunum á meðan dvöl stendur, fer með þeim í skemmtilega leiki, frábærar íþróttir og stuttar ævintýraferðir um svæðið. Klúbburinn, sem er innifalinn í verði, verður í boði fyrir öll börn á hótelinu 5 ára og eldri, frá kl. 10–12 og 16–18 á tímabilinu 14. júní – 9. ágúst Bókaðu hjá okkur í sumar á Corona Blanca á Gran Canaria og slakaðu á meðan börnin skemmta sér með Guðna Páli.

**BÓKAÐU SÓL Á UU.IS**

FRÁBÆRT VERÐ!



GUÐNI PÁLL KÁRASON ÍÞRÓTTAFRÆÐINGUR



14. JÚNÍ – 9. ÁGÚST

**CORONA BLANCA** ★★

Enska ströndin

VERÐ FRÁ **61.900 KR.**

Verð á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.

Net | Barnaklúbbur | Strönd 400 m

## AR GISTINGAR – BÓKAÐU Á **UU.IS**

VINSÆLT



### KANARÍ

16. -23. ÁGÚST **BARBACAN SOL** ★★★★

VERÐ FRÁ **96.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn með morgunverði.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 113.900 kr.

FJÖLSKYLDUHÓTEL



### MALLORCA

10.–20. JÚLÍ **VISTA CLUB** ★★★

VERÐ FRÁ **89.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 130.800 kr.

HÁLFT FÆÐI



### ALBÍR

9.–17. JÚNÍ **ALBIR PLAYA** ★★★★

VERÐ FRÁ **87.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn með hálfu fæði.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 106.900 kr.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

# Umbætur



**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is

Skoðanakannanir eru ekki kosningar sama hversu nærri þær eru því að varpa fram raunsærri mynd af skoðunum fólks, stuðningi við stjórnmálaflokka og ríkisstjórnir. Í eðlilegu stjórnmálalegu árferði fá kjósendur að hafa áhrif á aðeins fjögurra ára fresti og fjögur ár eru langur tími í nútíma stjórnmálum. Langur tími í hröðu og tæknivæddu samfélagi samtímans. Þessi staðreynd eykur mikilvægi skoðanakannanna fyrir stjórnmálamenn sem fá fyrir tilstilli þeirra skýra mynd af því hvort kjósendur eru ánægðir með störf þeirra og stefnur á kjörtímabilinu. En vilji stjórnmálamanna hlýtur eðli lýðræðisins samkvæmt að vera að starfa í sátt við kjósendur sína, hlusta á raddir þeirra, hugmyndir og væntingar.

Þetta gengur hins vegar sjaldan neitt sérstaklega vel. Þegar stjórnmálaflokkar eru komnir til valda þá virðist vera unnið án tillits til skoðana kjósenda fram undir næstu kosningar þegar hlaðið er í nýjan loforðaflaum. Þetta er auðvitað afleitt og gengur í raun þvert á þá hugsun að viðkomandi stjórnmálamenn séu fulltrúar þjóðarinnar.

Stjórnmálamenn sem vilja að sönnu starfa í umboði og sátt við kjósendur sína hljóta því að leggja við hlustir þegar fólkið sem kom þeim til valda styður þá ekki lengur. Nýjasta dæmið er að finna í nýrri skoðanakönnum á vegum MMR. Þar kemur fram að meira en helmingur þeirra sem kusu Bjarta framtíð í síðustu kosningum myndi ekki kjósa flokkinn í dag. BF var í kosningunum lítill flokkur sem náði að rífa fylgi sitt upp í 7,2 prósent á landsvísu, líkast til með andstöðu við búvörusamningana, en nýtur nú aðeins fylgis 3,2 prósenta kjósenda sem er meira en helmingshrun. Fylgi sem væri ekki einu sinni nálægt því að koma manni á þing.

Í þessu eru fólgin skýr skilaboð frá kjósendum Bjartrar framtíðar til ráðherra og þingmanna flokksins hvort sem þeim líkar það betur eða verr. Kjósendur flokksins greiddu honum atkvæði í síðustu kosningum og það var gert á ákveðnum forsendum út frá þeim málefnum og áherslum sem flokkurinn lagði upp með. Að flokkurinn hafi hins vegar ekki getað haldið sig á þeirri braut innan núverandi ríkisstjórnarsamstarfs er því líklegasta skýringin á þessu mikla fylgishruni flokksins. Óneitanlega var flokkurinn í senn í erfiðri og lykilstöðu eftir kosningarnar en það er engin afsökun fyrir því að bregðast þeim sem þó lögðust á sveif með flokknum.

Björt framtíð skuldar því kjósendum sínum, ríflega helmingi þeirra að minnsta kosti, skýringar á þeim áherslum sem flokkurinn hefur starfað eftir innan ríkisstjórnarinnar. Þar eru heilbrigðismálin ofarlega enda virðist ríkisstjórnin, með Óttar Proppé í fararbroddi í heilbrigðismálum, ætla að starfa þvert á vilja þjóðarinnar og væntanlega þá einnig kjósenda flokksins. Það er þessi fjárans vilji þjóðarinnar sem virðist einmitt flækjast á stundum fyrir stjórnmálamönnum og flokkum sem virðast oftar en ekki hafa meiri áhuga á vilja hagsmunaaðila. Þessu þurfa stjórnmálin að breyta og þar geta einmitt skoðanakannanir reynst afar gagnlegar í kjölfar upplýstrar umræðu sem er forsenda umbóta í nútíma stjórnmálum. Var það ekki annars á stefnuskrá Bjartrar framtíðar?

**Björt framtíð skuldar því kjósendum sínum, ríflega helmingi þeirra að minnsta kosti, skýringar á þeim áherslum sem flokkurinn hefur starfað eftir innan ríkisstjórnarinnar.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Framtíð fólksins**

Ríkisstjórnarflokkurinn Björt framtíð hefur náð þeim ótrúlega árangri að mælast jafnstór Flokki fólksins í nýrri könnun MMR. Þetta er önnur skoðanakönnunin í röð sem Björt framtíð mælist ekki inni á þingi. Það er eitthvað sérlega grátlegt fyrir Bjarta framtíð að vera komin niður fyrir Flokk fólksins sem ekki náði manni inn á þing í síðustu kosningum. Formaður flokksins, Óttarr Proppé, fékk þau varnaðarorð þegar stjórnarmyndun var að klárast í janúar að heilbrigðisráðuneytið gæti reynst honum pólitískur banabiti. Fylgið ætlar að minnsta kosti að standa rækilega í honum.

**Sósíalistatoppurinn**

Í könnun MMR eru þátttakendur spurðir hvaða flokk þeir séu líklegastir til að kjósa. Minnsti flokkurinn sem kemst á blað er Íslenska þjóðfylkingin með 0,7 prósenta fylgi. Ekki er einu orði minnst á hinn nýstofnaða Sósíalistaflokk Íslands, sem þýðir að enn færri nefndu flokkinn á nafn eða færri en sex svarendur. Eftirspurnin er ekki meiri eftir byltingu Gunnars Smára. Á hinum endanum narta Vinstri græn hins vegar í hæla Sjálfstæðisflokksins með 23,4 prósent. Annaðhvort uppfyllir flokkurinn fyllilega sósíalíska þörf þjóðarinnar, eða er kominn svo nálægt miðju að hann dansar á toppnum með hægri flokki Íslands.

snaeros@frettabladid.is

# Útgjöld sjúklinga og aðgengi að heilbrigðisþjónustu



**Reynir Arngrímsson**
formaður læknaráðs Landspítala

Nýtt greiðsluþátttökukerfi sjúkratryggðra gekk í gildi 1. maí. Í nýrri reglugerð er sett þak á útgjöld sjúklinga sem þyngsta byrði hafa borið af veikindum sínum t.d. krabbameinssjúklinga. Þá lækkar einnig t.d. kostnaður einstaklinga sem fara til geðlæknis þrisvar í mánuði og annarra í sambærilegri stöðu úr 175.919 kr. í 69.700 kr. fyrsta árið og svo 49.200 á ári eftir það ef veikindin leiða til örorku. Þessum áfanga ber að fagna.

Hins vegar er gagnrýnivert að ríkisstjórnin kýs að dreifa kostnaði sem af þessari breytingu hlýst á aðra bráðaveika fremur en almannatryggingakerfið í heild. Þetta leiðir af sér að greiðsluþakið verður einfaldlega of hátt fyrir margar fjölskyldur. Þannig gætu hjón með eitt barn þurft að greiða allt að 185.863 kr. á ári vegna bráðra veikinda í fjölskyldunni. Er þá ótalinn allur lyfja- og hjálpartækjakostnaður sem slíkum veikindum getur fylgt. Samkvæmt þessu nýja kerfi munu 115 þúsund einstaklingar og barnafjölskyldur greiða meira vegna sjúkrakostnaðar en þau gerðu fyrir breytinguna sem nú gengur í gildi. Þá er hámarksgreiðslan í einum mánuði 24.600 auk lyfjakostnaðar of stór biti fyrir marga sem veikjast skyndilega.

**Byrjað á vitlausum enda**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður þeirra sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda. Þessu markmiði hefur ekki tekist að ná og er nýleg úttekt Ríkisendurskoðunar allsherjar áfellisdómur um langvarandi tregðu til fullnægjandi fjármögnunar heilsugæslunnar. Þetta hefur bitnað á uppbyggingu og mönnun. Tilvísunarkerfi vegna barna er því vanhugsuð aðgerð, auk þess sem kerfið er ekki tilbúið. Hvorki rauntíma greiðslukerfi né fyrir rafræn tilvísunarsamskipti.

Stýring í heilbrigðiskerfinu næst aðeins með því að tryggja fullnægjandi þjónustustig og fjölgun heimilislækna. Í stað þess að tryggja fjármögnun slíkra lausna má færa rök fyrir því að verið sé að auka á ringulreið í kerfinu og álag á bráðamóttökur sjúkrahúsa og heilsugæslu til lengri eða skemmri tíma sem bitnar á barnafjölskyldum og kemur til með að auka kostnað þeirra í mörgum tilvikum.

**Nýjar reglugerðir bitna á barnafjölskyldum.**




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 3. maí 2017

17. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# Bréf Heimavalla hækkuðu um 40 prósent á einu ári




Markaðsvirði Heimavalla nemur nú 16,2 milljörðum. Stærsta leigufélag landsins mun hefja formlegt skráningarferli sitt í Kauphöll Íslands um miðjan maí. Hægt á stækkun félagsins fram að skráningu. »4

MYND/HEIMAVELLIR




»2

## Sjóður Gamma býður íbúðalán

Lánasjóðurinn Framtíðin hefur fengið leyfi FME til að bjóða fasteignalán. Lánar frá einni og upp í átta milljónir króna. Vextir ráðast af því hversu mikið eigið fé er lagt fram.

»2

## Borga skatta á Íslandi

Þrír erlendir stjórnarmenn Glitnis, sem munu fá samtals um 1.800 milljónir í bónus, þurfa að borga tekjuskatt af þeim greiðslum á Íslandi. Fimm íslenskir starfsmenn eru hluti af bónuskerfinu.

»8

## Ofmetin áhrif

„Þótt verslun Costco yrði á pari við allra söluhæstu verslanir félagsins yrði markaðshlutdeildin einungis um 2,5% í smásölu hér á landi.“




# Greiða skatta á Íslandi af milljarða bónusum

Þrír erlendir stjórnarmenn Glitnis HoldCo, eignarhaldsfélags sem var stofnað á grunni eigna slitabús Glitnis banka í kjölfar nauðasamninga í árslok 2015, munu allir þurfa að greiða tekjuskatt á Íslandi af um 1.800 milljóna króna bónusgreiðslum sem er áætlað að þeir fái samanlagt í sinn hlut. Þetta kemur fram í fundargerð aðalfundar Glitnis sem var haldinn 26. apríl síðastliðinn og Markaðurinn hefur undir höndum.

Þá segir einnig í fundargerðinni, í tengslum við skriflegt svar við fyrirspurn sem var lögð fyrir stjórnina í aðdraganda aðalfundar, að auk erlendu stjórnarmannanna séu fimm íslenskir starfsmenn hluti af hinu umfangsmikla bónuskerfi Glitnis sem var samþykkt á aðalfundi félagsins í mars í fyrra. Glitnir hyggst greiða þessum hópi starfsmanna – samtals átta manns – um 23 milljónir evra, jafnvirði um 2,7 milljarða króna, í bónusa, eins og upplýst var um í Markaðnum í síðustu viku.

Bróðurparturinn af þeirri fjárhæð, eða um 74 prósent, rennur í skaut stjórnarmanna Glitnis og munu greiðslur og launatengd gjöld félagsins að óbreyttu nema um tveimur milljörðum vegna bónusa til þeirra. Fram kemur í fundargerðinni að launatengd gjöld nemi um tíu prósentum af þeirri heildarfjárhæð sem hefur verið bókfærð í ársreikningi vegna áætlaðra bónusgreiðslna. Stjórnarmennirnir geta því vænst þess að fá að meðaltali á mann um 600 milljónir og skattgreiðslur til ríkisins vegna þeirra bónusa munu nema hundruðum milljóna.

**600**

**milljónir fá erlendir stjórnarmenn Glitnis að meðaltali á mann í bónus.**



**Ingólfur Hauksson er forstjóri Glitnis.**

Afgangurinn af bónuspotti Glitnis fer sem fyrr segir til fimm íslenskra starfsmanna félagsins en að frádregnum launatengdum gjöldum munu þær greiðslur nema samtals um 630 milljónum. Íslenskir stjórnendur Glitnis sem munu þar fá hlutfallslega mest í sinn hlut eru Ingólfur Hauksson, forstjóri félagsins, Snorri Arnar Viðarsson, forstöðumaður eignastýringar, og Ragnar Björgvinsson aðallögfræðingur. Bónusar til íslenskra starfsmanna eru skattlagðir eins og launatekjur og þurfa þeir því að greiða 46,24 prósenta tekjuskatt af þeim greiðslum. **– hae**




MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is



Sjónvarpsdreifikerfi

fyrir hótel, gistiheimili og skip.

ÖREIND

– Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660

oreind@oreind.is • www.oreind.is

sart SAMTÖK RAFVERKTAKA



Framtíðin hyggst veita viðbótarlán á bilinu ein til átta milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Framtíðin fær leyfi FME fyrir fasteignalánum

**Sjóður í stýringu hjá Gamma hefur fengið leyfi FME til að bjóða viðbótarlán vegna íbúðakaupa. Ætlar að bjóða verðtryggða vexti sem ráðast af því eigin fé sem lántakendur leggja til. Lánar frá einni og upp í átta milljónir króna.**

Lánasjóðurinn Framtíðin, sem er fjármagnaður í gegnum skuldabréfasjóði í stýringu hjá fjármálafyrirtækinu Gamma, hefur fengið leyfi Fjármálaeftirlitsins (FME) til að bjóða fasteignalán. Sjóðurinn hefur boðið námslán síðustu tvö ár og bætast nú við viðbótarlán vegna íbúðarkaupa með verðtryggðum vöxtum sem ráðast af hversu mikið eigið fé lántakandinn leggur til.

„Við fengum skráningu sem lánveitandi hjá FME þann 1. apríl eða sama dag og ný lög um fasteignalán til neytenda tóku gildi. Henni fylgir ákveðin upplýsingaskylda og við þurfum að senda FME skýrslur mánaðarlega. Á heimasíðu okkar verður reiknivél þar sem hægt verður að slá inn ýmsar forsendur og sjá hvaða vextir eru í boði. Þeir ráðast af markaðskjörum og geta verið breytilegir,“ segir Hrólfur Andri Tómasson, framkvæmdastjóri Framtíðarinnar.



**Hrólfur Andri Tómasson, framkvæmdastjóri Framtíðarinnar**

Fyrirtækið ætlar að bjóða „sérsniðna vexti“ sem lækka eftir því hversu mikið eigið fé er lagt fram í hlutfalli við verð fasteignar. Um er að ræða viðbótarlán, til að hámarki 25 ára á öðrum eða þriðja veðrétti, frá einni og upp í átta milljónir króna. Ekki verður lánað fyrir kaupum á eignum sem kosta meira en 55 milljónir.

Hrólfur segir lánin koma til með að henta þeim sem eiga ekki fyrir útborgun í íbúð. Aðspurður svarar hann að þau muni einungis gera lántakendum kleift að skuldsetja sig um sem nemur 90 prósentum af verði fasteigna. Fyrirtækið muni bjóða samkeppnishæfa vexti en markmið laganna sem Hrólfur vísar til er jafnframt að stuðla að ábyrgum lánveitingum og sporna við óhóflegri skuldsetningu neytenda.

„Og við munum fara sérstaklega yfir verð í kaupsamningi til að fullvissa okkur um að um markaðsverð sé að ræða. Við erum nýr aðili á fjármálamarkaði og erum alfarið á netinu. Við sjáum mikil tækifæri fram undan en það eru búnar að vera miklar breytingar á þessum markaði undanfarið og verða enn þá meiri á næstu misserum. Það er enginn annar að bjóða eingöngu þessi viðbótarlán eins og stendur og það er okkar nálgun að bjóða eitthvað nýtt.“ **– hg**

# Keiluhöllin græddi 58 milljónir króna

Keiluhöllin í Egilshöll var rekin með 58 milljóna króna hagnaði í fyrra. Afkoman var jákvæð um 1,2 milljónir árið 2015 og því um 57 milljóna viðsnúning að ræða milli ára.

Þetta kemur fram í nýjum ársreikningi Gleðipinna ehf. sem er rekstrarfélag Keiluhallarinnar. Samkvæmt honum námu rekstrartekjur félagsins 614 milljónum í fyrra samanborið við 274 milljónir árið áður. Leiga á keilubrautum nam 213 milljónum, jókst um 76 milljónir milli ára, en veitingasalan velti 400 milljónum. Í þeim hluta nam aukningin á milli ára 267 milljónum en eigendur Gleðipinna opnuðu veitingastaðinn Shake & Pizza haustið 2015 í Egilshöll og reka þar einnig sportbar. Rekstrargjöld jukust aftur á móti úr 260 milljónum árið 2015 í 525 milljónir.

Eignir félagsins í árslok 2016 námu 133 milljónum og bókfært eigið fé var jákvætt um 22 milljónir. Félögin Immis ehf., í eigu Sigmars Vilhjálmssonar, og Hinir ehf., í eigu Jóhannesar Ásbjörnssonar, eru stærstu eigendur Gleðipinna með hvor sín 26,7 prósentin. Múlakaffi á 15,8 prósent sem og félagið Granat ehf. sem er í eigu Guðmundar Auðuns Auðunssonar.




Gleðipinnar keypti Keiluhöllina í febrúar 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Simmi og Jói eru hluthafar í Keiluhöllinni.**

Árið 2016 var annað starfsár Gleðipinna en félagið var stofnað í febrúar 2015. Þeir Sigmar og Jóhannes, eða Simmi og Jói, oftast kenndir við Hamborgarafabrikkuna, keyptu þá rekstur Keiluhallarinnar ásamt Jóhannesi Stefánssyni, oftast kenndum við Múlakaffi. Simmi er framkvæmdastjóri félagsins en Jói einn þriggja stjórnarmanna. **– hg**

Dale Carnegie

ÍSLENSKA/SIA.IS DAL 84212 04/17




# MAÍ-Boozt fyrir hópinn

## 99.000 kr. fyrir allt að 25 manns*

**Sumarið er framundan með öllum þeim tækifærum sem í því felast. Þá skiptir máli að hópurinn þinn sé vel samstilltur, kraftmikill og fullur af eldmóði og gleði.**
**Vinnustofur Dale Carnegie taka 90 mínútur og geta virkað eins og vítamínsprauta.**

- **Hópvinna.** Efla samvinnu innan teymisins.
- **Samskipti.** Læra að ná til annarra og setja sig í þeirra spor. Nota virka hlustun, líflegri tjáningu og selja öðrum hugmyndir sínar.
- **Virkni**. Ná að virkja betur þá sem eru í kringum þig.
- **Breytingar.** Takast á við eða stjórna breytingum. Læra aðferðir við að selja öðrum breytingar.
- **Þjónusta í heimsklassa.** Fara fram úr væntingum viðskiptavina, krossselja, fá tilvísanir og auka tryggð.
- **Fólk og ferlar.** Fá fólk í lið með sér til að fylgja ferlum sem auka framleiðni.
- **Hvetja og hrósa**. Læra aðferðir til að hvetja og hrósa á einlægan hátt og hafa þannig jákvæð áhrif á hegðun til frambúðar.
- **Efla forystuhæfileika.** Kalla fram eldmóð og frumkvæði. Nota tjáskipti sem hæfir leiðtogum.
- **Láta ljósið skína.** Kynningartækni sem nær augum og eyrum viðstaddra. Kröftugar opnanir og lokanir og áhrifarík notkun sýningargagna í kynningum.
- **Skerpa söluhæfileikana.** Veita traustari ráðgjöf og auka sölu.

Farðu á **dale.is** og óskaðu eftir þjálfunartillögu þér að kostnaðarlausu eða hringju í ráðgjafa okkar í síma **555 7080**

*Tilboðið gildir fyrir þjálfun sem fer fram í maí 2017 á höfuðborgarsvæðinu. Gildir fyrir 15 til 25 manns, í 90 mínútur á 99.000 kr.




Guðbrandur Sigurðsson er framkvæmdastjóri Heimavalla. Útistandandi hlutafé leigufélagsins er í dag um níu milljarðar króna að nafnvirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leigurisinn leggst í dvala fram á vetur

**Stærsta leigufélag landsins, Heimavellir, er nú metið á 16,2 milljarða króna. Markaðsvirði þess hefur hækkað um 12,3 milljarða króna á einu ári. Draga saman seglin síðar í þessum mánuði og undirbúa skráninguna í Kauphöll Íslands á fjórða ársfjórðungi.**

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Markaðsverðmæti Heimavalla nemur 16,2 milljörðum króna og hefur hækkað um 12,3 milljarða á einu ári. Gengi bréfa þessa stærsta leigufélags landsins hækkaði á sama tíma um 40 prósent eða úr 1,3 krónum á hlut í 1,8.

Stjórnendur félagsins munu hefja formlegt skráningarferli þess á Aðalmarkað Kauphallar Íslands um miðjan þennan mánuð. Frá þeim tíma, og þangað til bjöllunni verður hringt við Laugaveg 182, þurfa stjórnendur félagsins að draga saman seglin og hægja á stækkun þess.

„Við höfum einhvern tíma núna fram að miðjum maí til að ganga frá ýmsum hlutum og síðan tökum við það rólega fram yfir skráningu. Eftir að við leggjum fram skráningarlýsinguna þýðir auðvitað ekki að bæta við stórum eignasöfnum, sem breyta verulega efnahagsreikningi félagsins, og því sjáum við ekki fram á neitt stórvægilegt á næstunni fyrir utan þær íbúðir sem eru nú þegar í byggingu," segir Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Heimavalla, í samtali við Markaðinn.

### Stækkaði hratt

Heimavellir voru stofnaðir í júní 2014 með sameiningu þriggja leigufélaga og síðar sama ár runnu tvö fjölbýlishús á Selfossi inn í reksturinn. Ári síðar keypti félagið eignasöfn af Íbúðalánasjóði á höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi og Suðurlandi og fjárfestar á borð við fjölskyldufyrirtækið Stálskip og tryggingafélagið Sjóvá fóru inn í hluthafahópinn. Stækkun félagsins byggði því á sameiningu við leigufélög sem voru fyrir á markaði og kaupum á eignum af Íbúðalánasjóði. Endahnútur þeirrar vinnu var svo hnýttur með sameiningu við leigufélagið Ásabyggð á Ásbrú í Reykjanesbæ í desember síðastliðnum og bættust þá um 700 íbúðir í safnið.

Félagið leigir nú út, eða er með í byggingu, alls um 2.020 íbúðir og horft er til þess að íbúðum þess á höfuðborgarsvæðinu fjölgi um 400 á næstu tveimur árum. Í fyrra hófu Heimavellir framkvæmdir við nýbyggingar í Reykjavík, Mosfellsbæ og Hafnarfirði og á Akureyri og Akranesi. Eignir þess hækkuðu úr 10,4 milljörðum árið 2015 í 43 milljarða í fyrra og skuldirnar úr 8,2 milljörðum í 29,9. Eigið fé var 2,1 milljarður árið 2015 en 13,4 milljarðar ári síðar.

„Ef þú tekur eignasafnið hjá okkur, þá eru svona sirka 85 prósent af því íbúðir sem eru leiguíbúðir sem hafa verið lengi í leigu og um fimmtán prósent eru nýrri. Frekari stækkun snýst um að við fáum hagkvæmar fasteignir eða í takt við leiguverðið eins og er það núna."

### Leigutekjur sjöfaldist

Heimavellir, sem verður fjórða fasteignafélagið á Aðalmarkaði Kauphallarinnar, meira en tvöfölduðust að stærð í íbúðum talið í fyrra þegar heildarstærð íslenska leigumarkaðarins var um 29 þúsund íbúðir. Almennur leigumarkaður var þar af 16.500 íbúðir og félagsleg úrræði um 12.500, eins og kemur fram í kynningu af aðalfundi leigufélagsins sem haldinn var þann 6. apríl. Um 85 prósent af tekjum félagsins koma af höfuðborgarsvæðinu eða úr sveitarfélögum sem eru í innan við klukkustundarakstur frá Reykjavík. Samkvæmt áætlunum félagsins munu leigutekjur þess nema rétt rúmum þremur milljörðum á þessu ári samanborið við 1,5 milljarða í fyrra og 500 milljónir árið 2015. Árið 2018 verði þær svo komnar í 3,7 milljarða króna og hafi þá sjöfaldast á einungis þremur árum.

### Gani og Snæból stærst

Samkvæmt nýjum hluthafalista Heimavalla eru viðskiptafélagarnir Tómas Kristjánsson og hjónin Finnur Reyr Stefánsson og Steinunn Jónsdóttir enn stærstu eigendur leigufélagsins. Markaðurinn greindi í byrjun janúar frá því að þau hefðu farið inn í eigendahópinn rétt fyrir áramót, í sameiningu Heimavalla og Ásabyggðar, og þá eignast alls 23,4 prósenta hlut í félaginu. Bréf þeirra voru þá metin á 3,1 milljarð en standa nú í 3,7 milljörðum króna. Viðskiptafélagarnir eiga í Heimavöllum í gegnum þrjú fjárfestingarfélög eða Gana ehf., sem er í eigu Tómasar og á 9,4 prósenta hlut, Snæbóls ehf., sem Finnur og Steinunn eiga og heldur einnig á 9,4 prósentum, og Klasa fjárfestingar ehf., sem er í eigu Siglu ehf. sem er aftur í eigu Gana og Snæbóls og er skráð fyrir 4,6 prósentum.

Stálskip, í eigu hjónanna Guðrúnar Lárusdóttur og Ágústs Sigurðssonar, var stærsti hluthafi leigufélagsins áður en sameiningin í desember gekk í gegn og átti þá 14,3 prósent. Það heldur nú á 9,1 prósenti hlutafjárins og þar á eftir kemur tryggingafélagið Sjóvá með 5,8 prósent. Einkahlutafélagið Túnfljót, í eigu Magnúsar Pálma Örnólfssonar, fjárfestis og fyrrverandi forstöðumanns gjaldeyrismiðlunar Glitnis, á 5,5 prósent eins og um síðustu áramót.

Félagið M75 ehf. á 4,9 prósent í Heimavöllum en eins og Markaðurinn greindi frá í janúar er það í eigu lögmannsins Jóns Ármanns Guðjónssonar. Jón var áður hluthafi í Ásabyggð og keypti hluti í félaginu af slitastjórn Sparisjóðabankans, þar sem hann starfaði um tíma sem skilanefndarmaður, og Eignasafni Seðlabanka Íslands (ESÍ). Eignarhlutur hans í Heimavöllum er nú metinn á um 770 milljónir króna. Eign tryggingafélagsins VÍS í leigufélaginu hefur aukist úr 3,6 prósentum um síðustu áramót í 4,8 prósent. Þá eiga fjórir íslenskir lífeyrissjóðir hlut í Heimavöllum og er Birta lífeyrissjóður stærstur þeirra með 2,8 prósent.



### Byggir og kaupir heilu blokkirnar

Heimavellir eru nú með um 250 íbúðir í byggingu. Þar er meðal annars um að ræða fjölbýlishús á Völlunum í Hafnarfirði og við Tangabryggju í Bryggjuhverfinu við Grafarvog. Þar að auki hefur félagið keypt nýbygginguna Gerplustræti 1-5 í Reykjavík af Sigurjóni Þ. Árnasyni, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans. Þar er um að ræða fjölbýlishús með 31 íbúð.

> **Ef þú tekur eignasafnið hjá okkur, þá eru svona sirka 85 prósent af því íbúðir sem eru leiguíbúðir sem hafa verið lengi í leigu og um fimmtán prósent eru nýrri.**
>
> Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Heimavalla

# Fólk

## Viðburðir

MIÐVIKUDAGUR 3. MAÍ 2017



**Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir tekur þátt í sýningu Handverks og hönnunar í Ráðhúsinu sem hefst á morgun. Guðrún sýnir fatnað á stúlkur úr ull og lífrænni bómull.**

Viðburðir →4




GLAMOUR fylgir nú með *Stóra- og Risapakkanum*



Kynntu þér málið á 365.is 365



# Upptaktur að ferðasumrinu

Tónlistarmennirnir KK og Maggi Eiríks efna til tónleika með ferðalögum í Háskólabíói 20. maí næstkomandi. Verður það í fyrsta skipti síðan ferðalögin voru tekin upp, á árunum 2003 til 2007, sem þeir koma saman og spila þau. →2

Vera Einarsdóttir
vera@365.is



Framhald af forsíðu

KK og Maggi Eiríks koma fram ásamt hljómsveit og spila úrval laga af ferðalagadiskum sínum þremur í Háskólabíói laugardaginn 20. maí. Þeir gáfu út fyrsta ferðalagadiskinn árið 2003 og seldist hann í yfir 20.000 eintökum. Sá heitir 22 ferðalög. Næsti diskur kom út 2005 og fékk nafnið Fleiri ferðalög. Sá síðasti kom út árið 2007og heitir Langferðalög, en samtals hafa diskarnir selst í yfir 50.000 eintökum. Allir eiga þeir það sameiginlegt að eiga einstaklega vel við í innanlandsferðum og í útilegum vítt og breitt um land, en á þeim eru lög eins og Þórsmerkurljóð, Undir bláhimni, Maístjarnan, Ljúfa Anna og Ég veit þú kemur, svo dæmi séu nefnd.

„Við höfum í raun lítið sem ekkert spilað þessi lög síðan við tókum þau upp ef frá eru talin örfá lög sem við erum með á prógramminu okkar. Við Maggi erum alltaf eitthvað að bauka og hugsuðum með okkur að við þyrftum nú kannski að fara að taka upp þráðinn aftur. Við höfðum samband við nokkra tónlistarmenn og tónleikahaldara sem leist vel á en þetta verður í fyrsta skipti sem við komum saman og spilum þessi lög á tónleikum. Við höfum því í gamni kallað þetta útgáfutónleika, þó heil 14 ár séu liðin frá útgáfu fyrsta disksins," segir KK.

Þegar fyrsti diskurinn kom út voru KK og Maggi þó með smá uppákomu á umferðarmiðstöðinni BSÍ, tóku nokkur lög og troðfylltu húsið. „Þar var mikið af eldra fólki með tárin í augunum sem kom mér svolítið á óvart því þó ég sé orðinn sextugur er ég of ungur til að hafa upplifað Þórsmerkurferðirnar og annað í þeim dúr sem þeir eldri muna. Ég hafði bara ekki gert mér grein fyrir hvað mörg þessara laga höfðu haft mikið að segja. Þau snerta einhverja strengi," segir KK.

Á hverri plötu eru 22 lög, eða 66 í allt. „Við komumst nú ekki yfir að spila þau öll en erum komnir með dágóðan lista," segir KK. Þeir félagar fóru í sunnudagsbíltúr um Reykjanesskagann á dögunum og hlustuðu á allar plöturnar í einum rykk. „Við tókum niður þau lög sem snertu hjörtu okkar hvað mest og enduðum með 30 til 35 lög. Þegar æfingarnar hefjast af fullum krafti sjáum við svo hversu mörgum við komum að.

Tónlistarmennirnir Eyþór Gunnarsson, Stebbi Magg og Andri Ólafsson munu troða upp með þeim KK og Magga. „Þetta eru allt góðir söngmenn sem hver um sig spilar á fjölda hljóðfæra. Við vönduðum okkur mikið við upptökurnar á sínum tíma og stefnum að því að gera slíkt hið sama í lifandi flutningi."

Þeir KK og Maggi gáfu líka út bók á sínum tíma sem hét 66 ferðalög en hún var með öllum lögunum á plötunum þremur ásamt gítarhljómum, fyrir þá sem vildu spreyta sig. „Það er nú ekki mikið eftir af henni. Við vorum því að gæla við að láta gera nokkur eintök sem fólk gæti nálgast á tónleikunum."



Þetta verður í fyrsta skipti sem hægt verður að hlusta á ferðalögin í lifandi flutningi þeirra KK og Magga. MYND/JÓN ÞORGEIR KRISTJÁNSSON

Nánari upplýsingar er að finna á midi.is

## Öxlum ábyrgð – Hvað get ég gert?

**Málþing um ábyrga ferðamennsku**

**Fimmtudaginn 4. maí 2017 kl. 15:00 – 17:00**
**í sal Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6**

Ferðafélag Íslands, í tilefni af 90 ára afmæli sínu, og Landgræðslan boða til málþings um hlutverk útivistarfélaga og ferðaþjónustunnar í að vernda og tryggja aðgengi að náttúrunni.

| | |
|---|---|
| 15:00 | **Setning** |
| 15:05 | **Gönguleiðir og verndun náttúrunnar – Hvað getum við gert?** Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands |
| 15:20 | **Gætum velferðar landsins – Sýn ferðaþjónustunnar** Sævar Skaptason, framkvæmdastjóri Hey Iceland / Ferðaþjónusta bænda og stjórnarformaður Íslenska Ferðaklasans |
| 15:35 | **Helping the Hills – Raising conservation awarness** Helen Lawless, Mountaineering Ireland |
| 16:00 | **Kaffihlé** |
| 16:15 | **Gæði og gönuhlaup – Nýting, ábyrgð, áskoranir** Andrés Arnalds, Landgræðslu ríkisins |
| 16:35 | **Umræður – Nýting og ábyrgð** |
| 16:55 | **Samantekt** |
| 17:00 | **Málþingi slitið** |

**Fundar- og umræðustjórar:**
Steinar Kaldal, aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra
Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

**Fundurinn er öllum opin og aðgangur ókeypis**

Landgræðsla ríkisins
FÍ

# Sumarsalat með grilluðum kjúklingabringum

## Létt og gott í góða veðrinu

Þetta ljúffenga sumarsalt með grilluðum kjúklingabitum og jarðarberjum ætti að koma öllum í sannkallað sumarskap. Það hentar vel sem léttur kvöldverður og er tilvalið fyrir matarboð á góðum vordegi. Salatið er auðvelt og fljótlegt að útbúa og það má líka auðveldlega breyta því, eftir því hvað til er í ísskápnum. Nota má t.d. aðra salattegund, svo sem spínat, og annað krydd til bragðbætis. Útkoman er samt alltaf jafngóð.

**4 kjúklingarbringur**
**1/2 bolli ólífuolía**
**2 msk. balsamedik**
**2 msk. ferskt estragon, smátt skorið**
**2 tsk. sykur**
**1/2 tsk. salt**
**1/2 tsk. pipar**
**3 hausar romaine-salat, gróft skorið**
**250 g jarðarber, skorin í tvennt**
**2 avókadó, vel þroskuð, skorin í teninga**

Blandið vel saman ólífuolíu, balsamediki, estragoni, sykri, salti og pipar. Skerið kjúklingarbringurnar í hæfilega bita og leggið í blönduna. Látið marinerast í 1-3 klst. í ísskáp. Hitið grillið. Grillið kjúklingabringurnar á báðum hliðum þar til þær eru grillaðar í gegn. Setjið romaine-salatið í skál, raðið kjúklingabitunum yfir, ásamt jarðarberjum og avókadó og berið fram.



**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson
**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Graníthöllin er flutt í Mörkina 4

## Opnunartilboð - 30% afsláttur af öllum legsteinum, aukahlutum og allri okkar þjónustu.







NR. 1002 GS

NR. 118 PAR

NR. 129-3 SHANXI BLACK

FYLGIHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

### VIÐHALD & ÞRIF LEGSTEINA

30% AFSLÁTTUR AF ALLRI VINNU OG ENDURMÁLUN

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM? GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4,
REYKJAVÍK

**Graníthöllin**
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Skemmtanir
Árshátíðir
Grímuböll
Dimmisjón
ofl. & ofl.

Ykkar skemmtun....
....okkar fókus

Hókus Pókus
www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

gæði – þekking – þjónusta
FESTIBYSSUR - PRENTBORÐAR - LÍMMIÐAPRENTARAR
MIÐAÁLÍMINGARVÉLAR - VERÐMERKIVÉLAR - BLEKSPRAUTUPRENTARAR
PRENTARA- & VOGAKERFI - IÐNAÐARPRENTARAR - MERKIBYSSUR
VIDEOJET PRENTARAR
Prentaðu beint á vörurnar eða umbúðirnar
FÁÐU TILBOÐ
pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI
Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

Full búð af nýjum vörum!
Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34
VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar
Síðan 1918

Þarftu að ráða?
Iðnaðarmann
Bílstjóra
Bifvélavirkja
Þjónustufólk
Öryggisvörð
Lagerstarfsmann
Matreiðslumann
elja Starfsmannaþjónusta
Láttu okkur ráða
Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS


Guðrún Kristín hannar fatnað á stúlkur.



Margrét Ósk Hildur Hall-grímsdóttir kynnir grafísk verk á sýningunni.


Day New keramikvörur verða einnig í Ráðhúsinu.

# Gust & dóttir sýna í Ráðhúsinu

Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir tekur þátt í sýningu Handverks og hönnunar í Ráðhúsinu sem hefst á morgun klukkan 12. Hún segir sýninguna gagnlega bæði sýnendum og gestum. Guðrún sýnir fatnað á stúlkur úr ull og lífrænni bómull.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



Það er tiltölulega stutt síðan ég fór að taka þátt í viðburðum sem þessum en ég var lengi með verslunarrekstur sjálf. Eftir að ég hætti honum sneri ég mér að hönnun lítillar fatalínu á stelpur og kynnti hana fyrst á sýningu Hönnunar og handverks í Ráðhúsinu fyrir tveimur árum. Línan fékk frábærar viðtökur svo ég hélt ótrauð áfram,“ segir Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir fatahönnuður en hún verður meðal þeirra hönnuða og listamanna sem sýna og selja vörur sínar á sýningu Handverks og hönnunar í Ráðhúsinu um helgina. Sýningin verður opnuð á morgun klukkan 12 og stendur fram á sunnudag.

Sýningin hefur um árabil notið vinsælda en á henni gefst gestum tækifæri til þess að kynna sér fjölbreytta flóru íslensks handverks.

„Ráðhúsmarkaðurinn er mjög góð kynning en þarna eru hönnuðirnir sjálfir á staðnum og kynna sín verk fyrir gestum. Maður fær strax álit fólks á því sem maður er að gera og heyrir hvað því líst best á, sem er gagnlegt. Ég kem alltaf í skýjunum út af sýningunni,“ segir Guðrún. „Þarna kynnist maður líka öðrum hönnuðum sem eru í sömu sporum og styrkir tengslanetið. Eftir hamaganginn í margra ára verslunarrekstri er ég aftur komin í ræturnar sem ég var farin að sakna. Nú er ég bara að skapa og nýt þess,“ segir Guðrún. Línan samanstendur af ullarflíkum og fatnaði úr lífrænni bómull.

„Ég er orðin afar umhverfisvæn á seinni árum enda skiptir það miklu



„Ég legg áherslu á peysur úr íslenskri ull,“ segir Guðrún Kristín.

máli í dag. Ég legg áherslu á peysur úr íslenskri ull en einnig úr akrýlblöndu sem stingur ekki viðkvæma húð. Þá hanna ég buxur og fleira úr lífrænni bómull. Ég er með fleirum í Jöklu að selja og svo með eigin vinnustofu,“ segir Guðrún en nánar má kynna sér hönnun hennar á dottirbeloved.com

Sýning Handverks og hönnunar var fyrst haldin í Ráðhúsinu árið 2006 og hefur vaxið fiskur um hrygg með hverju árinu. Mikil gróska er í íslensku handverki, hönnun og listiðnaði. Meðal þess sem hægt verður að skoða eru munir úr horni og beini, skartgripir, barnaföt, leir- og trémunir, leðurvörur, skór og fatnaður. Að auki verður sérstök kynning á Fræðasetri um forystufé, Hússtjórnarskólanum í Reykjavík og Heimilisiðnaðarfélagi Íslands.

Opið verður fimmtudag, föstudag og laugardag frá klukkan 12 til 19 og á sunnudag milli klukkan 12 og 18.






Timeless sófi - 206 cm kr. 311.800
Timeless sófi - 226 cm kr. 334.500



Rugged Mottur 170x240
kr. 49.900

House Doctor myndir



30x21 kr. 2.100
42x59 kr. 5.300



Eikarhilla
kr. 38.500



Sham - 2 saman
kr. 77.800



Woodland
kr. 22.700

Pattern vasar
stór kr. 5.400
lítill kr. 2.900



Bow lampi
kr. 43.200





Monty
kr. 6.700



Cupid
kr. 32.900

Paloma kr. 77.400

LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**




**STÓRA BÍLASALAN**



**100% LÁN**
SUZUKI Grand Vitara LUX. Árgerð 2005, ekinn 193 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 890.000. Rnr.136085.



**100% LÁN**
FORD Focus Station. Árgerð 2004, ekinn 145 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 390.000 staðgreitt. Rnr.136102.



**100% LÁN**
NISSAN Micra. Árgerð 2005, ekinn 105 Þ.KM, bensín, SJÁLFSKIPTUR. Verð 590.000 staðgreitt. Rnr.159363.

**STÓRA BÍLASALAN**



**100% LÁN**
KIA Sorento. Árgerð 2006, ekinn 193 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.280.000. Rnr.162478.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN** WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



SKODA Superb ambition 140 hö. Árgerð 2013, ekinn 146 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Tilboð 2.590.000. Ásett verð 2.990.000 Rnr.212250.



BMW X5 xdrive30d m-tech. Árgerð 2012, ekinn 129 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 6.990.000. Einn með öllu Rnr.212236.



VOLVO Xc90 d5 awd. Árgerð 2007, ekinn 194 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Tilboð 2.490.000.Ásett verð 2.890.000. 1 eigandi og toppþjónusta Rnr.212202.

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN** WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



FORD F350 platinium. Árgerð 2015, ekinn 57 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 6.490.000.Fallegur og vel með farinn Rnr.212238.



HARLEY DAVIDSON Vrsc vrscdx night rod special. Árgerð 2007, ekinn 14 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Tilboð 1.590.000.Ásett verð 1.980.000 Eitt með öllu Rnr.211522.



POLARIS Sportsman 570 efi 6x6. Árgerð 2017, Nýtt bensín, sjálfskiptur. Verð án vsk 1.847.000. Rnr.211836.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu



WV Póló árg 02 ek 111 þús skoðaður 18 1,4 beinskiftur ný tímareim góð dekk verð 315 þúsund 8927852

## Bátar

MARÁS
**TOHATSU**
**UTANBORÐSMÓTORAR**




**Léttir** **Kraftmiklir**
**Fyrirferðalitlir** **Sparneytnir**
**Hljóðlátir** **3,5-250 hö**

**Miðhraun 13 - 210 Garðabær**
**Sími: 555 6444 - www.maras.is**

## » Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

### » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is




HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja

Garðsláttur, felli tré, grisja og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í**
**S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir þeirra hætti

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsa

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Heimilið

## Barnavörur

Barnið Okkar



**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn

VEIÐIPORTIÐ



Snowbee 3 laga öndunarvöðlur Verð 19.900 kr. Veiðiportið Grandagarður 3 552-9940

## Húsnæði

## Sumarbústaðir

**SUMARBÚSTAÐALÓÐ**
Til sölu er sumarbústaðalóð á frábærum stað í grónu hverfi í landi Spóastaða í Biskupstungum. Hverfið liggur meðfram og nálægt Brúará, lóðin gróin og hverfið er girt af og læst hlið með fjarstýringu.. Heitt og kalt vatn komið að lóðamörkum. Upplýsingar í síma 858-1105 og selborg@simnet.is

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði

VÍSIR

Vísir hf óskar eftir að fastráða háseta á Sighvat Gk 57. Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél. Nánari upplýsingar í síma 856-5770 eða á heimasíðu Vísis www.visirhf. is.

BJÖRGUN

**TÆKJAMAÐUR ÓSKAST.**
Björgun ehf óskar eftir að ráða tækjamann á hjólaskóflu. Upplýsingar í síma 8435611

Faglæðir málarar geta bætt við sig útiverkefnum. Mikil reynsla og fagmennska í fyrirrúmi.

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu. Viðkomandi verður að vera með bílpróf. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@ gmail.com

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

## Húsnæði óskast

# Ártúnsholt / Árbær

Hjón með þrjú börn óska eftir **einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,** Ártúnsholt / Árbær.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
**sendtohelgi@gmail.com**

## Fundir

# Aðalfundur

## Reykjavíkurdeildar Búmanna 2017

**verður haldinn fimmtudaginn 11. maí 2017**
**í Safnaðarheimili Guðríðarkirkju kl. 17:00.**

**Dagskrá:**
Skýrsla stjórnar
Kosning stjórnar samkvæmt gildandi samþykktum Búmanna
Kosning fulltrúa Reykjavíkurdeildar á aðalfund Búmanna.
Fréttir frá aðalstjórn Búmanna
Önnur mál.

Allir félagsmenn Búmanna í Reykjavík eru hvattir til að mæta.

***Stjórn Reykjavíkurdeildar Búmanna***

## Fasteignir

TRAUSTI fasteignasala



Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari
S: 867-3040



Sólveig Regína Biard
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 869-4879

## Skipasund 54, 104 Reykjavík

Opið hús í dag kl. 17:30 – 18:00




Vel staðsett 3ja herb. 65,4 fm íbúð í einu af rótgrónu hverfum Reykjavíkur. Eign sem býður upp á mikla möguleika. Stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla. **Verð: 24,9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**


Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is





KK &
MAGGI EIRÍKS
ÁSAMT HLJÓMSVEIT
Ferðalögin
Háskólabíó 20. maí
midi.is

# Ein besta ákvörðunin að fara í kór

## Svipmynd

**Gunnar Þór Pétursson**

Gunnar Þór Pétursson tók við starfi framkvæmdastjóra hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) í Brussel þann 1. maí síðastliðinn. Hann fer þá í leyfi frá störfum sem prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Hann hefur undanfarin ár verið í kór Lindakirkju undir stjórn Óskars Einarssonar, og segir það eina bestu ákvörðun sem hann hefur tekið að taka þátt í því starfi.

Gunnar Þór ólst upp á Suðureyri við Súgandafjörð og í Árbænum. Hann lauk grunnskólaprófi frá Árbæjarskóla og stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands. Gunnar Þór lauk prófi í lögfræði frá HÍ 1997. Hann er með L.LM. gráðu í Evrópurétti frá lagadeild Háskólans í Lundi og lauk einnig doktorsprófi í lögum þaðan árið 2014. Gunnar Þór hefur áður starfað hjá Eftirlitsstofnun EFTA, verið lögmaður hjá Logos lögmannsstofu og var lögfræðingur Actavis Group 2005 til 2008. Hann hefur verið í fullu starfi hjá Háskólanum í Reykjavík frá árinu 2008.

*Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári?* Það var margt óvænt sem gerðist á sl. ári, í þjóðmálunum og á alþjóðavettvangi, sem enn hefur ekki verið toppað á þessu ári, sem betur fer. Af öðru mikilvægu, þá finnst mér úrslitakeppnin í körfunni hafa verið ótrúlega góð og gæðin hafa reyndar komið mér á óvart. Góð blanda af góðum erlendum og íslenskum leikmönnum.



Gunnar Þór Pétursson tók á dögunum við nýju starfi í Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

*Hvaða app notarðu mest?* Æ, vildi að ég gæti sagt eitthvað gáfulegt, en ætli það sé ekki mest Facebook – annars nota ég Spotify mjög mikið, er oft með tónlist í gangi og hef gaman af því að hlusta á tónlist, ekki síst að kynnast nýju efni og tónlistarfólki.

*Hvað gerir þú í frístundum þínum?* Hef undanfarin ár verið í kór Lindakirkju undir stjórn Óskars Einarssonar, sem er ein besta ákvörðun sem ég hef tekið. Virkilega endurnærandi og góð tilbreyting. Kórinn syngur í öllum messum, en hefur líka verið duglegur að koma fram, m.a. verið þátttakandi í uppfærslu Jesus Christ Superstar undanfarið í Hörpu og Hofi. Er að eigin mati ekkert sérstakur söngvari, en finnst ég hljóma ótrúlega vel þegar ég syng með kórnum. Þar fyrir utan eru gönguferðir á lág- og hálendi með minni ástkæru eiginkonu og/eða í góðum hópi vina og fjölskyldu ofarlega á lista.

*Hvernig heldur þú þér í formi?* Ég er sæmilega duglegur í crossfit og hlaupum. Það er góð blanda, hægt að hugsa margt á hlaupunum og kom sjálfum mér á óvart með að klára eitt maraþon og nokkur hálf. Crossfit er frábær alhliða hreyfing sem passar mér vel. Lagði golfsettinu fyrir sex árum eftir skamman og tilþrifalítinn feril. Gæti samt hugsað mér að taka kylfurnar fram aftur ef áskoranir berast.

> **Ég er ekki alæta á tónlist, en hlusta þó á frekar fjölbreytt efni. Rokk, fusion djass, gospel og smá klassík er það helsta.**

*Hvernig tónlist hlustar þú á?* Ég er ekki alæta á tónlist, en hlusta þó á frekar fjölbreytt efni. Rokk, fusion djass, gospel og smá klassík er það helsta. Finnst líka mjög gaman að hlusta á nýja íslenska tónlist, er t.d. að hlusta á Júníus Meyvant þessa dagana.

*Ertu í þínu draumastarfi?* Er í draumastarfi og á leið í draumastarf – hvernig hljómar það? Búinn að vera í akademíunni sl. níu ár. Það hefur verið góður tími. Mér finnst mjög gaman að kenna – sérstaklega þegar mér tekst að kveikja neista hjá nemendum (það gerist!). Ég hef líka verið töluvert í erlendu rannsóknarsamstarfi sem hefur opnað margar dyr. Nýja starfið felur í sér góða blöndu af stjórnun og lögfræði, á sviði sem ég þekki vel og ég er spenntur fyrir þeirri tilbreytingu.



# Skotsilfur

## Stikkfrí



**Ragnheiður Elín Árnadóttir**, fyrrverandi iðnaðarráðherra, hefur lítið tjáð sig um vandræði United Silicon í Helguvík en hún gerði fyrir hönd ríkisins fjárfestingarsamning við kísilverið 2014 sem tryggði því afslætti af opinberum gjöldum og sköttum. Í nýlegum Facebook-pistli bendir hún þó á að undirbúningur fyrir starfsleyfi og umhverfismat hafi ekki heyrt undir hennar ráðuneyti. Hún hafi að auki skrifað undir samninginn með fyrirvara um samþykki Alþingi og því sé ekki hægt að skilja orð Páls Magnússonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks, í fréttum RÚV, um að ekki hafi verið rétt staðið að undirbúningi verksmiðjunnar, sem gagnrýni á hana. Það er hreint út sagt ótrúlegt að ráðherra iðnaðarmála hafi nánast ekki átt aðra aðkomu að einu stærsta stóriðjuverkefni síðustu ára en að taka fyrstu skóflustungu þess og ræsa verksmiðjuna formlega.

## Úr Kviku í VÍS?



Búist er við að tilkynnt verði um nýjan forstjóra VÍS í vikunni. Sigurður Atli Jónsson, sem hætti óvænt sem forstjóri Kviku banka í liðinnu viku, er núna meðal annars orðaður við starfið en Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri eignastýringar í sama banka, hefur áður verið nefndur á þessum vettvangi sem mögulegur eftirmaður Jakobs Sigurðssonar í VÍS. Önnur nöfn sem helst er skrafað um í viðskiptalífinu eru Lýður Þorgeirsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá Gamma, Kristín Pétursdóttir, stjórnarformaður Virðingar, og Hannes Frímann Hrólfsson, forstjóri Virðingar.

## Slegist um sæti



Tilkynnt var um framboð til stjórnar HB Granda í gær en sex manns eru um fimm stjórnarsæti. Albert Þór Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri FL-Group og formaður eignastýringar LSR, býður sig fram ásamt fimm núverandi stjórnarmönnum. Albert bauð sig einnig fram í fyrra þegar mikil átök urðu um stjórnarsæti eftir að Lífeyrissjóður verslunarmanna krafðist margfeldiskosningar og náði á endanum inn einum manni eða Önnu G. Sverrisdóttur. Albert naut þá einnig stuðnings lífeyrissjóða. Kristján Loftsson, stjórnarformaður HB Granda, var ósáttur við kröfu sjóðanna um sæti og verður athyglisvert að fylgjast með þróun mála.

## Forstjóri United Airlines bar vitni



Oscar Munoz, forstjóri United Airlines, bar í gær vitni fyrir nefnd fulltrúadeildar Bandaríkjaþings um samgöngur og innviði. Þangað fór hann til að svara spurningum um atvikið sem varð um borð í einni af vélum flugfélagsins í síðasta mánuði þegar farþegi þess var dreginn úr sæti sínu, og út úr vélinni, svo starfsmaður fyrirtækisins fengi pláss um borð. Munoz hefur beðist afsökunar á klúðrinu en ætlar ekki að segja af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# „Trump-bólgan“ vestanhafs hætti áður en hún byrjaði



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Þegar Donald Trump var kosinn forseti Bandaríkjanna í nóvember jukust verðbólguvæntingar bandaríska markaðarins þegar í stað vegna væntinga um að ný stjórn Trumps myndi slaka á peningamálastefnunni með auknum fjárfestingum í innviðum og miklum skattalækkunum.

Hins vegar hélt sú staðreynd aftur af verðbólguvæntingum að fjárfestar reiknuðu réttilega með því að Seðlabanki Bandaríkjanna myndi grípa inn í til að halda aftur af verðbólguþrýstingi ef verðbólguvæntingar færu mikið yfir tveggja prósenta verðbólgumarkmið bankans.

En þar með er sagan ekki öll. Þótt það hafi komið nokkuð á óvart hvað verðbólga í Bandaríkjunum og Evrópu var há fyrr á árinu hafa verðbólgutölur í marsmánuði í Bandaríkjunum – og öðrum löndum – komið nokkuð á óvart vegna þess hve lágar þær eru.

Það er eftirtektarvert að þetta var áður en Seðlabanki Bandaríkjanna hækkaði stýrivexti 15. mars, sem olli því að verðbólguvæntingar markaðarins döluðu. En hækkun seðlabankans kom líka áður en hann vissi hverjar verðbólgutölurnar í mars voru, sem voru nokkru lægri en búist var við, og skyndilega virtist hækkun seðlabankans 15. mars býsna ótímabær.

Ef við lítum á peningavísa eins og vöxt peningamagns, hækkun á nafnvirði vergrar landsframleiðslu og þróun gengis og vaxta þá virðist nú býsna líklegt að Seðlabanki Bandaríkjanna muni halda áfram að vera þó nokkuð undir tveggja prósenta verðbólgumarkmiði sínu þegar litið er til 2-3 ára og á þessu ári gæti meðalkjarnaverðbólga farið allt niður í 1,5 prósent.

Ef við bætum því svo við að það hefur komið á óvart hvað aðrar þjóðhagslegar tölur frá Bandaríkjunum hafa verið neikvæðar síðasta mánuðinn, þá er býsna erfitt að rökstyðja nokkrar vaxtahækkanir bandaríska seðlabankans á þessu ári. Ef seðlabankinn tekur sig til þrátt fyrir þetta og hækkar stýrivexti einu sinni, eða jafnvel tvisvar á þessu ári, þá gæti það snúið mjög skammlífri uppsveiflu Trumps yfir í samdrátt og það er sannarlega lítil ástæða til að við sjáum verðbólgu yfir tveimur prósentum á næstunni, jafnvel þótt það verði ekki samdráttur í Bandaríkjunum.

Þannig má vera að fyrir nokkrum mánuðum hafi litið út fyrir að við yrðum vitni að „Trump-bólgu“ – aukinni verðbólgu af völdum stefnu Trumps – en nú eru mjög lítil merki um að verðbólga muni aukast. Þetta er auðvitað að hluta til vegna þess að Trump stendur (sem betur fer?) í raun ekki við nein af loforðum sínum og að Seðlabanki Bandaríkjanna hefur gripið til býsna harkalegra aðgerða til að stemma stigu við öllum verðbólguþrýstingi, en kannski líka vegna þess að verðbólguskotið fyrr á árinu var í raun einstakt og ekki afleiðing undirliggjandi verðbólguþrýstings.

Vaxtaákvörðunarnefnd Seðlabanka Bandaríkjanna kemur saman í dag og mun í kvöld tilkynna ákvörðun sína um stýrivexti. Enginn gerir ráð fyrir vaxtahækkun hjá seðlabankanum en staðreyndin er sú að bankinn ætti að tilkynna að hann dragi til baka „loforð“ sitt um vaxtahækkanir og að hann muni ekki hækka vexti í bráð. Það er ólíklegt að það gerist en það væri engu að síður rétt að gera það þar sem útlit er fyrir að verðbólgan verði áfram undir eigin verðbólgumarkmiðum Seðlabankans.

# Eitruð fyrirtækjamenning



**Martha Árnadóttir**, framkvæmdastjóri Dokkunnar, og FKA-félagskona

Stundum eru verkefnin sjálf auðveldasti parturinn af vinnunni á meðan andrúmsloftið á vinnustaðnum er erfiðasti hlutinn og getur hreinlega verið baneitrað. Forði fólk sér ekki af slíkum vinnustað getur það endað í algjöru starfsþroti. Eitrað andrúmsloft á vinnustað er alvarleg ógnun við heilsu starfsfólks og jafnvel lífshættulegt.

Helstu einkennin eru að starfsfólk talar lítið saman, það brosir ekki eða hlær og gerir að gamni sínu. Hvatning milli starfsmanna er svo til óþekkt og öll samskipti eru formleg. Stutt er í baktal og jafnvel skemmdarverk og óttinn og óöryggið liggur í loftinu. Sá sem kemur nýr inn í þetta andrúmsloft finnur strax að eitthvað er að en starfsfólkið er löngu orðið samdauna ástandinu og heldur áfram að ýta þungum steininum upp hæðina í þykku andrúmsloftinu. Streita, höfuðverkur, vöðvabólga, svefnleysi og kvíði eru ríkjandi ástand í lífi starfsmanna.

Þegar kemur að hvatningu eða hóli er starfsfólki fyrst og fremst umbunað fyrir að ná settum markmiðum stjórnar eða fyrir að fara vel og rækilega eftir reglum. Að fara ótroðnar slóðir og koma upp með nýjar hugmyndir um hvernig má gera hlutina er illa séð. Starfsmenn segja ekki skoðun sína enda koma ákvarðanir ofan frá og starfstitlar og reglur eru lykilatriði. Það hvernig starfsfólki líður, heilsa þess og aðstæður, er málefni sem fyrirtækinu kemur ekki við.

Það er hvíslað á göngum og ekki talað hreint út. Starfsmenn hafa það á tilfinningunni að starfsöryggið sé ekkert og fyrirtækið fullt af leyndarmálum sem aðeins örfáir eiga að vita. Stórar og smáar breytingar eru tilkynntar án nokkurs aðdraganda eða samráðs við starfsfólk.

Ef þú þekkir þessi einkenni af þínum vinnustað þá ertu einfaldlega í vondum málum og í rauninni lítið sem þú getur gert annað en að forða þér, því svona andrúmsloft er borið uppi af lykilstjórnendum (meðvitað eða ómeðvitað) og fáir sem geta haft áhrif þarna á ef ekki er skilningur á ástandinu í kuldanum á toppnum.

Í samkeppninni um hæfasta fólkið, sem er hin raunverulega samkeppni í nútímanum, er svona andrúmsloft það mest fráhrindandi sem hugsast getur fyrir hæfileikaríkt fólk. Inn í það fer enginn sem hefur aðra möguleika og já, það spyrst út hvar er gott að starfa og hvar ekki.

Eins og með allt annað; eftir höfðinu dansa limirnir og höfuðið verður að taka forystuna í þessum efnum sem öðrum.

# AVIS með hagstæðustu kjörin af öllum bílaleigum

## í útboði Ríkiskaupa




Sama þjónusta – eins bílar – miklu betra verð

VIÐ GERUM BETUR

**Avis** býður opinberum fyrirtækjum **hagstæðustu kjörin** af bílaleiguþjónustu og átti **lægsta tilboðið** af öllum þeim bílaleigum sem tóku þátt í útboði Ríkiskaupa.

Við erum stolt af því að geta boðið okkar viðskiptavinum góð kjör og framúrskarandi þjónustu. Kynntu þér málið á avis.is.

avis.is
591 4000

AVIS®
Bílaleiga

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 3. maí 2017

vísir www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnar-maðurinn

@stjornarmadur

## Ofmetin Costco-áhrif

**Eins og** varla hefur farið fram hjá nokkrum manni hyggur bandaríski verslunarrisinn Costco á opnun verslunar á Íslandi nú í sumarbyrjun.

**Ekki er** nema gott um það að segja að fjölbreytnin aukist hér á landi. Costco bætist þar í flokk með þekktum erlendum vörumerkjum á borð við Bauhaus, H&M, Lindex og fleirum sem hafa opnað eða hyggja á opnun hér á landi. Bætt úrval og fleiri valkostir getur ekki annað en komið neytendum til góða.

**Hins vegar** er erfitt að verjast þeirri hugsun að áhrifin af komu Costco á þá sem fyrir eru á markaði séu sennilega nokkuð ofmetin. Bréf í þeim kauphallarfélögum sem að einhverju leyti verða í samkeppni við Costco hafa ekki farið varhluta af þessu. Hagar, sem eru vitaskuld stærsta smásölufyrirtæki landsins, hafa sennilega mest fundið fyrir þessum Costco-áhrifum en bréf Haga féllu snarpt í verði í upphafi árs, þótt sú lækkun hafi nú gengið til baka og ríflega það eftir kaupin á Olís og Lyfju. Önnur félög eins og N1 virðast sömuleiðis hafa fengið sinn skammt.

**Ef málið** er hins vegar kannað er ekki annað að sjá en að þessi viðbrögð markaðarins séu sennilega fullhastarleg. Eins og Jón Björnsson, forstjóri Kaupáss, benti á um daginn, velta bestu verslanir Costco á heimsvísu milli 10 og 12 milljörðum króna. Með öðrum orðum – þótt verslun Costco yrði á pari við allra söluhæstu verslanir félagsins yrði markaðshlutdeildin einungis um 2,5% í smásölu hér á landi. Það sér hver maður að slíkt veldur ekki straumhvörfum á markaði þar sem 7% hagvöxtur ríkir.

**Þá** er rétt að geta þess að stærstur hluti vöruframboðs íslenskra matvöruverslana er innlendur. Ólíklegt er að erlendur aðili geti náð betra verði en þeir sem fyrir eru á markaðnum.

**Við skulum** fagna auknu vöruframboði og bættum kjörum neytenda. Hvað markaðsaðila varðar er þó sennilega rétt að gera eins og Jón Björnsson segir og leyfa Costco og H&M að opna áður en farið er að fara á taugum.

## Halldór yfir hlutabréfum Landsbréfa



Halldór Kristinsson, sem hefur verið deildarstjóri Eignastýringar Landsbankans frá 2013, mun taka við sem forstöðumaður hlutabréfateymis sjóðastýringarfyrirtækisins Landsbréfa, dótturfélags Landsbankans, samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Sá sem hefur gegnt því starfi undanfarin ár er Ólafur Jóhannsson.

Halldór hefur stýrt fjárfestingum Íslenska lífeyrissjóðsins en hann var meðal annars framkvæmdastjóri sjóðsins á árunum 2011 til 2013. Innlendir hlutabréfasjóðir í stýringu Landsbréfa eru Úrvalsbréf og Öndvegisbréf en samtals nema eignir sjóðanna um 19 milljörðum króna. Ávöxtun sjóðanna síðustu tólf mánuði hefur verið neikvæð um 17 prósent en ein hlutfallslega stærsta eign þeirra eru hlutabréf í Icelandair. – **hae**

**30.04.2017**



**Ef einkaaðilar geta veitt fólkinu í þessu landi jafngóða eða betri þjónustu fyrir sama verð fyrir skattgreiðandann og skilað einhverjum afgangi þá er það ekki vandamál fyrir mig.**

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra um einkarekstur í heilbrigðisþjónustu.





**Landssöfnun Blátt áfram 21. apríl til 4. maí**

Vertu verndari barna með Blátt áfram eins og Glowie og keyptu ljósið. Með ljósinu fylgir nýr upplýsingabæklingur Blátt áfram á minnislykli til verndar börnum.

Blátt áfram

ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# Hvers vegna eru stjórnendur kirkjugarðanna að hugsa um að loka líkhúsinu í Fossvogi?



**Þórsteinn Ragnarsson**
forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma

Rekstur kirkjugarða er grundvallaður á lögum nr. 36 frá 1993. Þar eru lögbundin verkefni kirkjugarða talin upp og einnig þau verkefni sem kirkjugarðar mega annast en eru ekki lagaskylda. Þar er gerð grein fyrir aðkomu ríkissjóðs að rekstrinum og einnig skyldum og rétti sveitarfélaga. Í 39. gr. laganna segir: „Rekstur kirkjugarða skal greiddur úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingu í fjárlögum. Framlagið tekur mið af fjölda látinna næstliðins árs og stærð grafarsvæða. Útreikningur framlagsins skal byggjast á samkomulagi ríkisins og kirkjugarðaráðs. Framlag til einstakra garða skal vera í samræmi við úthlutunarreglur er samþykktar eru af kirkjugarðaráði fyrir upphaf hvers fjárhagsárs.“

Árið 2005 var undirritað samkomulag milli ríkisins og kirkjugarðaráðs um fjárveitingar til kirkjugarða. Samkomulagið byggði á gjaldalíkani sem var tæki til að nálgast raunverulega þörf garðanna til lögbundins reksturs. Útbúið var einingaverð umhirðu, greftrana og til líkbrennslu. Þetta einingaverð átti samkvæmt samkomulaginu að þróast í samræmi við verðlag og kaupgjald. Fyrstu þrjú árin var að mestu unnið í samræmi við samkomulagið en eftir efnahagshrun tók annar veruleiki við. Góður skilningur var innan málaflokksins á sambærilegri skerðingu og aðrar stofnanir þurftu að þola en það sem forráðamenn kirkjugarðamála höfðu ekki skilning á var sú aðferðafræði fjármálaráðuneytisins að skerða einingarverðið allar götur frá árinu 2009 til 2016. Vitanlega átti að reikna upp einingarverðið á hverju ári og skerða síðan þá upphæð sem út kom til samræmis við aðrar stofnanir. Nú er svokölluðum „hagræðingarkröfum ríkisstjórna“ hætt en kirkjugarðar sitja uppi með ónýtt gjaldalíkan sem reiknar vart meira en 50% af fjárþörf þeirra á síðustu árum.

**Nú er svokölluðum „hagræðingarkröfum ríkisstjórna“ hætt en kirkjugarðar sitja uppi með ónýtt gjaldalíkan sem reiknar vart meira en 50% af fjárþörf þeirra.**

Stjórn Kirkjugarðasambands Íslands hefur nýlega látið gera og knúið á um úttekt á rekstrarskilyrðum kirkjugarða, fyrst árið 2011 en þá var ráðinn sérfræðingur frá Capacent til að fara yfir útreikninga fjármálaráðuneytisins, síðan var núverandi bæjarstjóri í Hafnarfirði ráðinn til að gera úttekt og hann skilaði skýrslu vorið 2013 og þar á eftir var ráðherraskipuð nefnd sett á laggirnar til að fara yfir fjármálin og hún skilaði niðurstöðum í skýrslu vorið 2016. Allar þessar úttektir voru samhljóma um það að rekstrarskilyrði kirkjugarða væru komin langt niður fyrir þau mörk sem sett voru með samkomulaginu frá 2005. Ríkisstjórnum, ráðherrum, stjórnmálamönnum og embættismönnum hefur jafnóðum verið kynntur þessi veruleiki og ítrekað hefur verið bent á eftirfarandi tvö atriði sem innanríkisráðuneytið (nú dómsmálaráðuneyti) þurfi að beita sér fyrir:

1 Fullgera frumvarp frá 2006 um breytingu á lögum um kirkjugarða og leggja það fyrir þingið. Kirkjugarðaráð hefur nýlega farið yfir frumvarpið og lagt það fyrir ráðuneytið. Breytingar sem kirkjugarðaráð leggur til snúast um heimild fyrir kirkjugarða til að taka gjald í líkhúsi og athafnarýmum og losna undan að greiða prestum þóknun fyrir þjónustu við útfarir.

2 Fara yfir samkomulag ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 með sérstöku tilliti til þess að endurstilla einingaverð og tíunda lögbundin verkefni kirkjugarða og skýra nánar í hvaða lögbundnu verkefni framlag ríkisins til kirkjugarða á að renna.

**Getum ekki beðið lengur**

Nú er svo komið að við sem erum í forsvari fyrir þennan málaflokk á Íslandi getum ekki beðið lengur. Allar upplýsingar liggja fyrir og hafa gert undanfarin mörg ár. Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) hafa verið reknir með tapi mörg síðustu ár þrátt fyrir mikinn niðurskurð í ráðningu sumarstarfsmanna, mjög takmarkaða endurnýjun véla og tækja og viðhald húsnæðis. Hvað er þá til ráða? Meðal stórra verkefna, sem KGRP hafa annast í áratugi, en eru ekki lögbundin, er rekstur líkhússins í Fossvogi og athafnarýma þar (Fossvogskirkja, kapella og bænhús).

Á aðalfundi KGRP 4. maí nk. verður tekin ákvörðun um hvort stjórnin telji að ekki verði lengur fært að annast þessa ólögbundnu þætti í starfsemi KGRP og þurfi því að segja þjónustunni upp til að geta betur sinnt lögbundnum verkefnum við sífellt minnkandi framlag ríkisins til málaflokksins. Framkvæmdastjórn og forstjóri telja að rúmlega hálfs árs uppsögn á rekstri líkhússins nægi sem frestur fyrir stjórnvöld til að gera ráðstafanir til að tryggja þann nauðsynlega rekstur á öðrum vettvangi.




Menningarnótt verður haldin 19. ágúst næstkomandi. Við auglýsum eftir umsóknum um styrki úr Menningarnæturpotti Landsbankans.

Auglýst er eftir áhugasömum og frumlegum hugmyndum til þess að fylla inn í viðburðalandslag Menningarnætur 2017. Veittir eru styrkir á bilinu 100 – 500.000 kr. til hópa og einstaklinga, úr Menningarnæturpotti Landsbankans.

Landsbankinn hefur verið máttarstólpi hátíðarinnar frá upphafi og er potturinn samstarfsverkefni hans og Höfuðborgarstofu. Allur fjárstuðningur bankans rennur til listamanna, sem koma fram á Menningarnótt.

Menningarnótt er þátttökuhátíð sem allir borgarbúar skapa og upplifa saman, á torgum og götum miðborgarinnar, í bakgörðum, söfnum, kirkjum og kaffihúsum, verslunum og fyrirtækjum — og ekki síst í húsunum í bænum.

Í ár verður áhersla lögð á að styrkja viðburði sem tengjast svæðinu í kringum Hlemm. Tengingin er þó ekki skilyrði fyrir styrkveitingu. Tekið er vel á móti öllum umsóknum.

**Hægt er að sækja um á www.menningarnott.is.**
**Opið er fyrir umsóknir til 23. maí.**

**Nánari upplýsingar veita viðburðastjórar Höfuðborgarstofu í síma 411 6000 og á menningarnott@reykjavik.is.**

**MENNINGARNOTT.IS**

HÖFUÐBORGARSTOFA

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Nýjast

**Meistaradeild undanúrslit**

**Real Madrid - Atlético 3-0**
1-0 Cristiano Ronaldo (10.), 2-0 Cristiano Ronaldo (73.), 3-0 Cristiano Ronaldo (86.).

**Pepsi-deild kvenna í fótbolta**

**Þór/KA - Breiðablik 1-0**
1-0 Hulda Ósk Jónsdóttir (10.).

**FH - Fylkir 2-0**
1-0 Megan Dunnigan (35.), 2-0 Bryndís Hrönn Kristinsdóttir (40.).

Þór/KA er á toppi deildarinnar eftir sinn annan sigur í röð. Norðanstúlkur eru búnar að leggja liðin sem spáð var tveim efstu sætum deildarinnar og haldið hreinu í báðum leikjunum.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Þór/KA | 6 | FH | 3 |
| Stjarnan | 3 | Grindavík | 0 |
| Breiðablik | 3 | KR | 0 |
| Fylkir | 3 | Haukar | 0 |
| ÍBV | 3 | Valur | 0 |

## Í dag

**16.40** Ajax - Lyon — Sport 3
**17.50** Valur - ÍBV — Sport 2
**18.30** Mónakó - Juventus — Sport
**20.45** Meistaradeildarmörk — Sport

**Pepsi-deild kvenna:**
**18.00** Valur - ÍBV — Hlíðarendi
**19.15** Stjarnan - KR — Garðabær
**19.15** Grindavík - Haukar — Grindav.

## Cristiano Ronaldo afgreiddi Atletico með enn einni þrennunni



**Engum líkur** Cristiano Ronaldo skoraði þrennu er Real Madrid lagði nágranna sína í Atletico, 3-0, í fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Hann er nú búinn að skora yfir 100 mörk í keppninni og yfir 50 mörk í útsláttarkeppninni. Hvort tveggja met. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP




# Fyrsta þrennan í fyrstu umferð á þessari öld

**Steven Lennon hefur skorað fyrsta mark Pepsi-deildarinnar tvö ár í röð og varð fyrsti leikmaðurinn frá því 1999 sem finnur marknetið þrisvar í fyrsta leik.**

**FÓTBOLTI** FH-ingurinn Steven Lennon mætir til leiks í frábæru formi. Þessi snjalli sóknarmaður ætlar sér stóra hluti með FH í Pepsi-deildinni í sumar og frammistaða hans á Akranesvellinum á sunnudaginn sýndi að þetta gæti orðið sögulegt sumar fyrir Skotann.

**Metið staðið frá árinu 1978**
Markamet efstu deildar hefur staðið óbreytt í næstum því fjóra áratugi eða síðan Pétur Pétursson skoraði 19 mörk fyrir Skagamenn sumarið 1978. Þrír menn hafa náð að jafna það, Guðmundur Torfason (Fram 1986), Þórður Guðjónsson (ÍA 1993) og Tryggvi Guðmundsson (ÍBV 1997), en enginn hefur enn náð að brjóta tuttugu marka múrinn. Í raun hefur enginn skorað meira en sextán mörk síðustu tvo áratugi.

Þetta er tíunda tólf liða tímabilið en hingað til hafa fjórir aukaleikir því ekki hjálpað markakóngum deildarinnar að komast nálægt markametinu fyrsta áratuginn. Enginn leikmaður hefur þó byrjað jafn vel í 22 leikja deild og Lennon í ár.

**Oft löng bið eftir fyrstu þrennu**
Steven Lennon varð nefnilega fyrsti leikmaðurinn á þessari öld til að skora þrennu í fyrstu umferð úrvalsdeildarinnar. Síðastur til að afreka slíkt var Eyjamaðurinn Steingrímur Jóhannesson 21. maí 1999. Steingrímur endaði það sumar sem markahæsti leikmaður deildarinnar.

Það hefur oft þurft að bíða lengi eftir fyrstu þrennu tímabilsins. Fyrir þremur árum leit fyrsta þrennan ekki dagsins ljós fyrr en í lok september en í fyrra var fyrsta þrennan skoruð í lok júní. Lennon skoraði líka fyrstu þrennuna sumarið 2015 en hún kom í 6. umferð sem var í lok maí.

Lennon innsiglaði þrennuna sína á móti ÍA eftir stoðsendingu frá 113 marka manninum Atla Viðari Björnssyni. Atli Viðar er langmarkahæsti leikmaður FH í efstu deild en þrennan á sunnudaginn kom Lennon upp fyrir Andra Marteinsson og inn á topp tíu listann yfir markahæstu leikmenn FH í efstu deild frá upphafi.

Síðasta sumar byrjaði reyndar líka vel hjá Skotanum því annað árið í röð var Steven Lennon að skora fyrsta mark tímabilsins. Því hefur enginn áður náð í nútíma fótbolta. Hann er einn af fjórum frá 1960 sem hefur skorað tvisvar sinnum fyrsta mark Íslandsmótsins.

**Hefur æft rosalega vel í vetur**
„Hann hefur æft alveg rosalega vel í vetur. Hann sýndi það í þessum leik hversu megnugur hann er,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH-liðsins eftir leikinn. Lennon sjálfur viðurkenndi að hann hefði skafið af sér og hafi gerbreytt hugsunarhætti sínum í vetur.

Uppskeran var frábær í fyrsta leik en svo á eftir að koma í ljós hvernig framhaldið verður hjá honum. Lágmarkið hlýtur að vera að brjóta loksins tíu marka múrinn en því hefur Lennon ekki náð á fyrstu sex tímabilum sínum á Íslandi.

ooj@frettabladid.is

### Þrennur í 1. umferð frá 1977 til 2017:



**1983:** Hlynur Stefánsson fyrir ÍBV á móti ÍBÍ
**1994:** Tómas Ingi Tómasson fyrir KR á móti Breiðabliki
**1995:** Jón Þór Andrésson fyrir Leiftur á móti Fram
**1995:** Tryggvi Guðmundsson fyrir ÍBV á móti Val
**1999:** Steingrímur Jóhannesson fyrir ÍBV á móti Leiftri
**2017:** Steven Lennon (mynd) fyrir FH á móti ÍA

### Leikmenn sem hafa skorað fyrsta mark Íslandsmótsins oftar en einu sinni frá 1960:

2 - Steven Lennon (2016, '17)
2 - Ólafur Karl Finsen (2012, '15)
2 - Steinar Jóhannsson (1972, '74)
2 - Steingrímur Jóhanness. ('98, '01)




# Framtíðarsjónvarp

**Komið í Samsung Setrið og kynnist því nýjasta í sjónvarpstækni í heiminum, frá langstærsta framleiðanda heims.**

## Q picture

**Litur**
Sýnir alla liti 100%

**Contrast**
Mikil nákvæmni í björtu sem dimmu

**HDR 1500/2000**
Sýnir nákvæmlega rétta liti

**Sjónarhorn**
Öll sætin eru bestu sætin

## Q style

**Ósýnilegar tengingar**
Hannaðu umhverfið að vild

**Engin skil**
Fellur alveg að veggnum

**Takmarkalaus 360° hönnun**
Hvert smáatriði er þaulhugsað

## Q smart

**Ein fjarstýring**
Afruglari, Netflix og Youtube
Allt í einni fjarstýringu

**Smart view**
Stjórnaðu sjónvarpinu frá símanum

**Smart Content**
Fjölbreytt úrval efnisveita

QLED TV

SAMSUNG
SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
3. MAÍ 2017 MIÐVIKUDAGUR



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Einar Grétar Þórðarson**

raffræðingur,
Miðbraut 13, Seltjarnarnesi,

lést 30. apríl síðastliðinn. Útför hans
fer fram frá Seltjarnarneskirkju
föstudaginn 5. maí kl. 17.00.

**Thelma Grímsdóttir**
**Jóhanna T. Einarsdóttir, Gunnar Þór Bjarnason**
**Grímur Einarsson, Heidrun Hoff**
**Bjarni Þór Gunnarsson, Marie Guilleray,**
**Evan Bjarnason Guilleray**
**Einar Gunnarsson, Jóhann Helgi Gunnarsson**
**Gréta Grímsdóttir Hoff, Freyja Grímsdóttir Hoff**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
systir og amma,

**Sigurbjörg Jóhanna Ernudóttir**

Hraunbæ 26, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 24. apríl
síðastliðinn. Útförin fer fram frá
Árbæjarkirkju þriðjudaginn 9. maí kl. 13.00.

**Erna Kristín Sigurjónsdóttir**
**Stefán Aðalbjörnsson** **Helga Irma Sigurbjörnsdóttir**
**Theodór Bjarki, Viktor Ísar, Tinna Björg, Aðalbjörn**
**og systkini hinnar látnu.**



Hugheilar þakkir til allra sem hafa
sýnt okkur samúð, vináttu og hlýhug
vegna andláts og útfarar móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ingileifar Steinunnar Ólafsdóttur**

Furulundi 13d, Akureyri,
áður húsfreyju á Bólstað í Bárðardal.

**Ólafur Héðinsson** **Guðrún Halla Gunnarsdóttir**
**Pálína Héðinsdóttir** **Tómas Jóhannesson**
**Ragnheiður Héðinsdóttir** **Halldór Halldórsson**
**Sigrún Á. Héðinsdóttir** **Jóhann Thorarensen**
**Höskuldur Héðinsson** **Elin Renate Larsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Kristín Margrét Guðmundsdóttir**

Lindarbraut 10, Seltjarnarnesi,

lést á Landspítala Fossvogi
miðvikudaginn 26. apríl.
Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni
í Reykjavík föstudaginn 5. maí kl. 15.00.
Blóm og kransar afþakkaðir.

**Auður Pétursdóttir**
**Jóhann Pétursson** **Margrét Lilja Magnúsdóttir**
**Brynja Pétursdóttir**
**Baldvin Búi Wernersson**



Útför mannsins míns, föður,
tengdaföður og afa,

**Steingríms Pálssonar**

fer fram frá Dómkirkjunni
þriðjudaginn 9. maí kl. 15.00.

**Ingibjörg Pála Jónsdóttir**
**Hildur Steingrímsdóttir** **Einar Steingrímsson**
**Þóra Steingrímsdóttir** **Haukur Hjaltason**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða
hringja í síma 512 5000.



**Ylfa hefur nóg að gera, bæði á eigin veitingastað og með kokkalandsliðinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Góð tilfinning að hitta alla þessa flinku kokka

Ylfa Helgadóttir, matreiðslumeistari á Kopar, er nýr þjálfari kokkalandsliðsins. Næsta heimsmeistarakeppni er eftir eitt og hálft ár og undirbúningurinn er að hefjast.

Mestu máli skiptir að hafa brennandi áhuga á matreiðslu, gott auga fyrir fínum mat og vilja til að verja 90 prósentum af frítímanum sínum í undirbúning,“ segir Ylfa Helgadóttir, nýráðinn þjálfari kokkalandsliðsins, um æskilega hæfileika liðsmanna. Hún kveðst njóta þess að hafa góðan meðþjálfara og greiðan aðgang að þeim sem stýrt hafi liðinu áður.

Ylfa er yfirmatreiðslumaður á Kopar og einn af eigendum. Hún hefur verið í landsliði kokka frá 2013 og áður í ungliðahreyfingu þeirra, meðal annars formaður um tíma. Tólf eru í liðinu hverju sinni, það er orðið fullskipað. Kynjaskiptingin er svipuð og í kokkabransanum, karlmenn í miklum meirihluta, að sögn Ylfu.

Heimsmeistaramótin eru haldin annað hvert ár og undirbúningstímabilið stendur í eitt og hálft ár, þar sem fyrstu mánuðirnir fara í hugmyndavinnu. Næsta keppni verður í nóvember 2018 í Lúxemborg.

„Keppnin skiptist í tvo hluta,“ lýsir Ylfa. „Annars vegar kalt borð þar sem maturinn er allur hlaupborinn svo hann líti vel út. Það atriði er tekið sérstaklega til dóms og krefst æfingar. Hinn hlutinn er aðeins hefðbundnari. Þar líkjum við eftir veitingastað þar sem 100 manns koma í þriggja rétta máltíð. Við skiptumst á að vinna í kalda borðinu og heita. Þetta er mikið fyrirtæki og krefst góðs skipulags en margar hendur vinna létt verk.“

Ylfa var tekin í kokkalandsliðið fyrir fjórum árum á sama tíma og hún var að opna Kopar við Reykjavíkurhöfn. „Ég óttaðist að eiga eftir að staðna í starfi og því var tilhugsunin um að hitta alla þessu flinku kokka einu sinni til tvisvar í mánuði góð, fyrir utan að kynnast öðrum í sama bransa erlendis,“ segir hún og leggur áherslu á ómetanlegan vinskap og tengsl sem fylgi því að vera í liðinu þó um krefjandi sjálfboðastarf sé að ræða. „Matreiðslan er þungur bransi með mikilli vinnu og maður nær ekki að stunda mikið félagslíf almennt, en í liðinu hef ég tengst fólki með sama áhugasvið.“ **gun@frettabladid.is**



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Sveinn Heiðar Jónsson**

byggingameistari
á Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri
sunnudaginn 30. apríl. Útför hans fer fram
frá Akureyrarkirkju föstudaginn 5. maí kl. 10.30.

**Ragnheiður Sveinsdóttir** **Hrafn Þórðarson**
**Fríða Björk Sveinsdóttir** **Jóhann Ómarsson**
**Lovísa Sveinsdóttir** **Heiðar Jónsson**
**Erlingur Heiðar Sveinsson** **Rósa Björg Gísladóttir**
**afabörn og langafabörn.**



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát og útför elsku
eiginmanns míns, föður okkar,
tengdaföður og afa,

**Sigmundar Dýrfjörð**

frá Siglufirði.

Starfsfólki blóðlækningadeildar 11G og
dagdeildar 11B þökkum við fyrir einstaka umönnun í
gegnum árin og öllum þeim sem hafa aðstoðað okkur á
þessum erfiða tíma.

**Berglind Guðbrandsdóttir**
**Kristín María Dýrfjörð** **Halldór Guðmundsson**
**Sunna Rós Dýrfjörð** **Tómas Joð Þorsteinsson**
**Ronja og Sara**



Okkar ástkæri sonur, bróðir,
mágur, fósturfaðir og afi,

**Árni Gíslason**

varð bráðkvaddur
laugardaginn 29. apríl.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Gísli Guðmundsson** **Margrét Árnadóttir**
**Guðmundur Kr. Gíslason** **Svanhildur Steingrímsdóttir**
**Soffía M. Gísladóttir** **Ragnar Magnússon**
**Andri Örn, Anita Björg og Amalía Tía**



Elskulegi frændi okkar,

**Jón Björnsson**

Borgarfirði eystra,

lést á Landspítalanum í Fossvogi
27. apríl. Minningarathöfn verður í
kapellunni í Hafnarfjarðarkirkjugarði
3. maí kl. 15.00. Útför auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Björg Aðalsteinsdóttir**

# KOMUM OKKUR ÚR KYRRSETU

## SITJUM Á HREYFINGU

**Það skiptir ekki bara máli að hann hreyfist, heldur hvernig hann hreyfist**

Dondola®

**WAGNER ERGOMEDIC 100-3**

VERÐ ÁÐUR 199.700 KR.

**TILBOÐ 149.700 KR.**

SPARAÐU 50.000 KR.

HNAKKAPÚÐI SELDUR SÉR

**TILBOÐ 17.100 KR.**

wagner

Einu stólarnir með 360° Dondola veltitækninni.

10 ára ábyrgð*



360°

VELTITÆKNI

*5 ára ábyrgð á neti, pumpu, armpúðum og Dondola

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

## RAFMAGNSBORÐ



PRIMA
120 X 80

**56.000 kr.**

LITIR Í BOÐI: beyki, svart, hvítt, eik, grá eik, hlynur, kirsuberja og coffe.



PRIMA
150 X 80

**58.600 kr.**

LITIR Í BOÐI: beyki, svart, hvítt, eik, grá eik, hlynur, kirsuberja og coffe.



PRIMA
180 X 90

**67.800 kr.**

LITIR Í BOÐI: hvítt, svart og coffe.

## SKÁPAR OG HIRZLUR



SKÚFFUSKÁPUR
(4 SKÚFFUR)

**39.600 kr.**

LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.



PRIMA
MÖPPUSKÁPUR

**61.400 kr.**

LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.



PRIMA
MÖPPUSKÁPUR

**57.400 kr.**

LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.



PRIMA
MÖPPUSKÁPUR

**51.700 kr.**

LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.

MYNDFORM GRAFÍK

Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · hirzlan.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Suðaustan 5-13 á Suður- og Vesturlandi og skýjað með köflum, en heldur hvassari á norðanverðu Snæfellsnesi. Hiti 10 til 16 stig. Hæg suðlæg átt á Norður- og Austurlandi, lengst af léttskýjað og hiti 14 til 20 stig.




### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 8° | 14° |
| 7 | 11 | 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 16° | 13° | 5° |
| 2 | 2 | 6 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 8° | 13° |
| 3 | 4 | 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 16° | 12° | 7° |
| 1 | 2 | 3 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 7 | 3 | | 6 | |
| | | 5 | 4 | | 2 | 8 | 3 | 7 |
| | | 4 | 6 | | | | | |
| 6 | | | 9 | | 8 | | | |
| | | | | 3 | | 6 | 5 | |
| 3 | | 9 | | 4 | | | 2 | |
| | 7 | | | | 4 | | | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | 7 | 1 |
| | 2 | 3 | | 9 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 4 | 7 | | | | 1 | |
| | 5 | 1 | | 8 | | | | |
| 6 | | 7 | | | 4 | | | |
| | 7 | | | | 9 | | | 4 |
| | | 2 | | | 3 | 6 | 5 | |
| 4 | | 6 | | | | | | 1 |
| | | | | | 2 | 3 | | 9 |
| 2 | | 3 | 8 | | | 1 | | |
| 5 | 4 | | | | | | | 7 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 6 | 1 | | | | | |
| 9 | | | 2 | | 7 | | | |
| | | 2 | 9 | | 5 | 7 | | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| | | | | | | | | |
| | | | 5 | | 6 | | 9 | 8 |
| 1 | | | | | | | | 4 |
| 2 | 8 | | 7 | 1 | | | 6 | 3 |
| | | 7 | | | | | | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 3 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 8 | 3 | 7 | 6 |
| 1 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 3 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 9 |
| 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 5 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 2 | 7 | 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 | 8 | 5 |
| 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 8 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 6 | 2 | 3 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 6 | 5 | 2 | 4 | 9 | 8 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 3 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 4 |
| 3 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 | 1 |
| 5 | 3 | 2 | 9 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 5 | 2 | 3 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. leikur
6. rún
8. traust
9. nægilegt
11. óð
12. graftarbólga
14. bæ
16. í röð
17. kjafi
18. gröm
20. tveir eins
21. göngulag

**LÓÐRÉTT**
1. mánuður
3. ólæti
4. kennslu
5. blundur
7. baktalari
10. hlaup
13. segi upp
15. eyðsla
16. skyggni
19. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. tafl, 6. úr, 8. trú, 9. nóg, 11. ær, 12. ígerð, 14. bless, 16. de, 17. kló, 18. erg, 20. uu, 21. rigs.
**LÓÐRÉTT:** 1. júní, 3. at, 4. fræðslu, 5. lúr, 7. rógberi, 10. gel, 13. rek, 15. sóun, 16. der, 19. gg.

## Skák Gunnar Björnsson



Óskar Long Einarsson (1.681) átti leik gegn Anders Persson (2.078) á GAMMA Reykjavíkurskákmótinu.
**Svartur á leik**
**22...Bxd4! 23. Bg3?** (23. Hd2! Da3 24. Hxd4 Dxa2 25. Bxe7 og hvítur hefur frumkvæðið). **23... Be5! 24. Bxe5 Dd1+ 25. Kg2 Dxc2 26. Bxf7+! Kxf7 27. Dd5+ ½-½.** Þráskák óumflýjanleg. Óskar Long var einn af fjölda íslenskra skákmanna sem hækkuðu verulega á skákstigum.
**www.skak.is:** Úrslit skólamóta.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







LAUGARÁSBÍÓ midi.is 5% Miðasala og nánari upplýsingar
SÝND KL. 6, 9
SÝND KL. 6, 9
SÝND KL. 5.50
SÝND KL. 8
SÝND KL. 10.25

SAMBÍÓIN SAMbio.is KEYPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
Chris Pratt Zoe Saldana Dave Bautista Vin Diesel Bradley Cooper Kurt Russell
Ein besta ævintýramynd allra tíma
STUBBUR STJÓRI SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR LIFE OF PI OG THE BLIND SIDE

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| GUARDIANS OF GALAXY 2 2D | KL. 5 - 6 - 8 - 10:50 |
| GUARDIANS OF GALAXY 2 3D | KL. 6 - 9 |
| GUARDIANS OF GALAXY 2 VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| UNFORGETTABLE | KL. 8 - 10:10 |
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 9 |
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 10:10 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:30 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| GUARDIANS OF GALAXY 2 2D | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 |
| GUARDIANS OF GALAXY 2 3D | KL. 6 - 9 |
| UNFORGETTABLE | KL. 10:10 |
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 7:40 - 10:30 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5 |
| STUBBUR STJÓRI | KL. 5:30 |

KEYPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| GUARDIANS OF GALAXY 2 2D | KL. 7 - 10 |
| GUARDIANS OF GALAXY 2 3D | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| THE SHACK | KL. 5:20 |
| GOING IN STYLE | KL. 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 8 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is EÐA MEÐ SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| GUARDIANS OF GALAXY 2 2D | KL. 10 |
| GUARDIANS OF GALAXY 2 3D | KL. 8 - 10:50 |
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 7:20 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| GUARDIANS OF GALAXY 2 2D | KL. 10:10 |
| GUARDIANS OF GALAXY 2 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 |
| BEAUTY AND BEAST 2D | KL. 5:20 |
| GOING IN STYLE | KL. 8 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 3. MAÍ

### Tónlist

**Hvað?** Djass í Björtuloftum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloftum, Hörpu
Sextett bassaleikarans og tónskáldsins Sigmars Þórs Matthíassonar kemur fram en hann varð þrítugur í lok apríl og heldur af því tilefni tónleika með dagskrá með nýjum og eldri tónsmíðum sínum, útsettum fyrir sextett af þessu sérstaka tilefni. Kraftmikil blanda af djass-, popp- og rokktónlist sem ber keim af nokkurri ævintýramennsku.

**Hvað?** 7 berg
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hlemmur Square

**Hvað?** Kjallaradjass
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallaranum
Miðvikudagar eru hinir nýju fimmtudagar. Kjallarabandið spilar fyrsta miðvikudag í mánuði og munu tvinna litríka samba-ryþma og almenna gleði inn í grámóskulegt háskólasamfélagið.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Greiðslur á netinu
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Nauthóli
Þrír sérfræðingar munu flytja erindi á fundinum sem haldinn verður á Nauthóli. Fundarstjóri verður Markús Þorgeirsson, verkefnastjóri vefdeildar Landsbankans og formaður SVEF, Samtaka vefiðnaðarins. Verð fyrir þá sem standa utan Samtaka vefiðnaðarins er 9.500 kr. en félagar SVEF greiða 5.500 kr.

**Hvað?** Samfélagsmiðlar og áhrifavaldar í stafrænni markaðssetningu
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Grand Hóteli
Fjallað verður um stefnur og strauma á samfélagsmiðlum og hvernig fyrirtæki geta nýtt sér áhrifavalda í stafrænni markaðssetningu. Fyrirlesarar frá Tagplay, CCP, Guide to Iceland og Áttunni. Fundarstjóri verður Berglind Festival.



Samflot stendur öllum til boða að kostnaðarlausu, aðeins er greitt fyrir aðgang í sund sem fram fer í Árbæjarlaug. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**Hvað?** Hundrað hæstu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ferðafélagi Íslands, Mörkinni 6
Á þessum kynningarfundi mun Þorvaldur Þórsson, sem fyrstur manna gekk á alla hæstu tinda landsins, segja frá reynslu sinni, farið verður yfir tindalistann og útskýrt hvernig fólk getur tekið þátt í þessari skemmtilegu áskorun.

### Heilsa

**Hvað?** Samflot
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Árbæjarlaug
Samflot stendur öllum til boða að kostnaðarlausu, aðeins er greitt fyrir aðgang í sund. Þeir sem eru að prófa samflot í fyrsta skipti og eiga ekki flotbúnað geta fengið hann lánaðan.

**Hvað?** Prufutími í salsa
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Iðnó
Byrjendum er að venju boðið í ókeypis prufutíma í salsa kl. 19.30-20.30, og svo dunar dansinn fyrir alla glaða frá 20.30-23.30. Það þarf alls ekki að hafa félaga til að mæta (fæstir hafa félagann), né nokkra dansreynslu. Aðgangseyrir er rukkaður frá kl. 20.00, en byrjendur í prufutímanum fá kvöldið og kennsluna ókeypis.

### Sýningar

**Hvað?** Yfir / Undir himnaröndd
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Norræna húsinu
Opnun sýningarinnar Yfir/ Undir himnaröndd sem er unnin af sænsku listakonunum Æsu Sögu Otrsdóttir Árdal og Söruh Mariu Yasdani. Norræna húsið býður upp á léttar veitingar.

**Hvað?** Tískusýning útskriftarnema í fatahönnun
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Norðurljósum, Hörpu
Tískusýning útskriftarnema í fatahönnun við LHÍ fer fram í Norðurljósasal Hörpu. Á sýningunni kynna nemendur útskriftarverkefni sín eftir þriggja ára nám við skólann. Sýningin er hluti af viðamikilli dagskrá útskriftarhátíðar Listaháskóla Íslands, þar sem 89 útskriftarnemar koma fram.

### Menntun

**Hvað?** Kynningarfundur um Háskólabrú Keilis
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Keili, Ásbrú
Keilir býður upp á opinn kynningarfund skólans fyrir þá sem hyggja á aðfaranám til háskóla. Hægt verður að fræðast um Háskólabrú bæði í staðnámi og fjarnámi, með og án vinnu. Kynningin fer fram í aðalbyggingu Keilis á Ásbrú í Reykjanesbæ. Boðið verður upp á léttar veitingar, súpu og brauð.

Góða skemmtun í bíó

SMÁVÖRUHILLUR OG SKÁPAR
...fyrir alla muni
RÝMI 80 ára OFNASMIÐJAN 1936-2016
s. 511 1100 | www.rymi.is

VINSÆLU STILLANLEGU RÚMIN FRÁ ERGOMOTION ERU KOMNIN AFTUR!
ERGOMOTION RÚM
MEÐ AVIANA ÞRÝSTIJÖFNUNAR-DÝNUM.
TVÍSKIPT HJÓNARÚM 160 EÐA 180X200 CM.
VERÐ FRÁ AÐEINS 30.583 kr. Á MÁNUÐI*
STAÐGREITT 349.899 kr.
(*Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)
rekkjan HEILSURÚM
ARGH!!! 190417

BÍÓ PARADÍS Á NÝJUM STAÐ
BIO PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Á Nýjum Stað | 18:00 |
| Spólað yfir hafið | 18:00 |
| The Sea Of Trees | 17:45 |
| Welcome to Norway | 20:00 |
| A Monster Calls | 20:00 |
| Moonlight | 20:00 |
| Genius | 22:00 |
| I, Daniel Blake | 22:30 |
| Afterimage | 22:30 |

Welcome to Norway! BÍÓ PARADÍS

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur




Frábærir þættir með Sindra Sindrasyni sem lítur inn hjá íslenskum fagurkerum. Í þætti kvöldsins heimsækir Sindri Helgu Sigurbjarnardóttur, innanhúsarkitekt, sem býr í fallegu húsi í smáíbúðahverfinu.

MAGNAÐ
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

GREY´S ANATOMY
Drama, spenna og óvæntar uppákomur! Það er aldrei lognmolla á bráðadeildinni á Grey-Sloan spítalanum.



WENTWORTH
Dramatískir spennuþættir um Bea Smith sem situr inni fyrir tilraun til morðs á eiginmanni sínum og bíður dóms í hættulegasta fangelsi Ástralíu.




BONES
Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum.



REAL TIME WITH BILL MAHER
Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bill Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundu með hinum ólíkustu gestum.



BURNT
Gamanmynd með dramatísku ívafi frá 2015 með Bradley Cooper og Sienna Miller ásamt fleiri þekktum leikurum.



VINYL
Skemmtilegir þættir um tónlistarframleiðandann Richie Finestra sem reynir að skapa sér framtíð í tónlistarheiminum en það er á brattann að sækja.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Heiða
**07.50** The Middle
**08.15** The Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.15** Um land allt
**11.45** Léttir sprettir
**12.10** Matargleði Evu
**12.35** Nágrannar
**13.00** Spilakvöld
**13.45** Á uppleið
**14.10** The Night Shift
**14.55** Major Crimes
**15.45** Schitt's Creek
**16.10** Glee
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Mom
**19.45** Heimsókn
**20.10** Grey's Anatomy
**20.55** Wentworth
**21.40** Bones
**22.25** Real Time With Bill Maher Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.
**23.25** Prison Break
**00.10** The Blacklist
**01.00** The Blacklist. Redemption
**01.45** Nashville
**02.25** Nashville
**03.10** NCIS. New Orleans Spennuþættir sem gerast í New Orleans og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.
**03.55** Vinyl
**04.55** Quarry
**05.45** Transparent

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20** Real Madrid - Atletico Madrid
**09.00** Meistaradeildarmörkin
**09.20** Pepsídeild karla -ÍA og FH
**11.00** Síðustu 20
**11.20** Pepsídeild karla 2017-Valur og Víkingur Ólafsvík
**13.00** Dominosdeild karla-KR - Grindavík
**14.40** NBA - Playoff Games
**16.30** Real Madrid - Atletico Madrid
**18.10** Meistaradeildarmörkin
**18.30** Monaco - Juventus
**20.45** Meistaradeildarmörkin
**21.05** Domino´s körfuboltakvöld
**21.55** Pepsídeild kvk.-Valur og ÍBV
**23.35** Ajax - Lyon

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Sunderland - Bournemouth
**08.40** Southampton - Hull City
**10.20** Stoke City - West Ham United
**12.05** Premier League Review
**13.00** Spænsku mörkin
**13.30** Cardiff - Newcastle
**15.10** Football League Show
**15.40** Þýsku mörkin
**16.10** Pepsídeild kvk. - Haukar og Stjarnan
**17.50** Pepsídeild kvk. -Valur og ÍBV
**20.00** Chicago Bulls - Boston Celtics
**21.50** NBA Special. 1984 NBA Draft
**23.00** Monaco - Juventus
**00.50** Meistaradeildarmörkin

## STÖÐ 3

**17.30** Mike & Molly
**17.50** 2 Broke Girls
**18.15** Anger Management
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.40** Hlemmavídeó
**20.05** Gulli byggir
**20.35** Man Seeking Woman
**21.00** Flash
**21.45** Veep
**22.15** Vinyl
**23.10** Arrow
**23.50** Curb Your Enthusiasm
**00.25** Hlemmavídeó
**00.50** Gulli byggir
**01.20** Man Seeking Woman
**01.40** Flash
**02.25** Veep
**02.55** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveins
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.11** Zigby
**09.25** Stóri og Litli
**09.38** Brunabílarnir
**10.24** Mörgæsirnar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveins
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.11** Zigby
**13.25** Stóri og Litli
**13.38** Brunabílarnir
**14.24** Mörgæsirnar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveins
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur
**16.00** Strumparnir
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Víkingurinn Viggó
**17.11** Zigby
**17.25** Stóri og Litli
**17.38** Brunabílarnir
**18.24** Mörgæsirnar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Börnin í Ólátagarði



Doddi litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Volunteers of America Texas Shoot
**11.00** Zürich Classic of New Orleans
**16.00** Volunteers of America Texas Shoot
**19.00** PGA Highlights
**19.55** Golfing World
**20.45** PGA Special. Arnold Palmer Network
**21.25** Golfing World
**22.15** Champions Tour Highlights
**23.10** Golfing World

## BÍÓSTÖÐIN

**13.10** Algjör Sveppi og töfraskápurinn
**14.45** She's Funny That Way
**16.20** Class Divide
**17.35** Algjör Sveppi og töfraskápurinn
**19.10** She's Funny That Way
**20.45** Class Divide Heimildarmynd frá HBO um stigvaxandi stéttaskiptingu í Chelsea-hverfinu á Manhattan í New York en frá árinu 2005 hafa háhýsin risið hvert á fætur öðru á ógnarhraða og umhverfið orðið fyrir verulegum breytingum.
**22.00** Burnt
**23.40** Hitman. Agent 47 Spennutryllir frá 2015 sem segir frá leigumorðingja sem kallast bara 47 og á að baki flekklausan feril sem gerir hann að fyrsta kosti þeirra sem þurfa á þjónustu leigumorðingja að halda – og hafa efni á þjónustu hans. Í raun er 47 klónaður og frá upphafi þjálfaður til að verða besti leigumorðingi í heimi.
**01.30** Superman Returns
**04.05** Burnt

## RÚV

**16.40** Alla leið
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Finnbogi og Felix
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.20** Gló magnaða
**18.25** Úr gullkistu RÚV. Út og suður
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Tómas Jónsson fimmtugur
**20.40** Áfram, konur!
**21.15** Neyðarvaktin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Ungdómurinn vestanhafs
**23.15** Veröld Ginu
**23.45** Kastljós
**00.10** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** Síminn + Spotify
**13.30** Dr. Phil
**14.10** Black-ish
**14.35** Katherine Mills. Mind Games
**15.25** Man With a Plan
**15.50** The Mick
**16.10** Speechless
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** King of Queens
**19.00** Arrested Development
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Difficult People
**20.15** Survivor
**21.00** Chicago Med
**21.50** Quantico
**22.35** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.15** The Late Late Show
**23.55** Californication
**00.25** Brotherhood
**01.10** The Catch
**01.55** Scandal
**02.40** Chicago Med
**03.25** Quantico
**04.10** The Tonight Show
**04.50** The Late Late Show
**05.30** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

Frábær tilboð í verslun meðan á lagersölu stendur



Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0036






Miðvikudag 3. maí. - sunnud. 7. maí.
Opið virka daga 12-18:30
Laugard. 12-16 / Sunnud. 13-17

# RISA LAGERSPRENGJA

## 3. maí - 7. maí

# 30-70%

afsláttur af skiptidýnum og nokkrum eldri gerðum. Hvíldarstólum, koddum, lökum o.fl. o.fl. o.fl.



**Verðdæmi:**

Ný IQ-Care dýna, firm. 153 cm verð kr. 199.900.-
Verð nú aðeins kr. 139.930.-

Ný Þór dýna 160x200 Verð kr. 149.900.-
Verð nú aðeins kr. 104.930.-

Ný Fylds dýna, eldri gerð 90x200 Verð kr. 294.930.-
Verð nú aðeins kr. 88.485.-

Eldri Bodyprint heilsukoddar 50% afsl.

Gömlu og góðu Jersey bómullarlökin á dúndurverði Stærðir í cm: 80 / 100 / 120 / 135 / 153 / 160

Fyrstur kemur, fyrstur fær...


Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa
Fimm stjörnu verslun
Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ

*3.5% lántökugjald

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri









Jónas Sen hefur undanfarin átta ár unnið að veglegu bókverki í samvinnu við Björk Guðmundsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Björk sendir frá sér veglega nótnabók

Björk Guðmundsdóttir er að senda frá sér bók sem hefur að geyma nótur með 34 útsetningum laga hennar. Það var píanistinn **Jónas Sen** sem vann útsetningarnar með henni en vinnan á bak við bókina tók átta ár og útkoman er afar veglegt og vandað bókverk.

Tilurðin er sú að fyrir tíu árum síðan var ég að túra með Björk. Við ferðuðumst um allan heim í eitt og hálft ár og hún hafði þann háttinn á að hafa alltaf eitt lag, rétt undir lok dagskrárinnar, sem var rólegra en hin. Og hún söng þau lög með mér án hinna í hljómsveitinni,“ útskýrir Jónas Sen hvernig samstarf hans við Björk Guðmundsdóttur í kringum nótnabókina kom til.

„Fyrir þetta tónleikaferðalag sendi hún mér nokkur lög sem hún bað mig um að kynna mér og undirbúa. Eitt af þessum lögum heitir Cover me. Það er mjög einfalt en endar á tilvitnun í verk eftir franskt tónskáld sem hét Olivier Messiaen. Messiaen tjáði sig með mjög sérstöku og óvenjulegu tónlistartungumáli, og þegar ég fékk lag Bjarkar í hendurnar þá fannst mér ég verða að búa til nýja útgáfu sem væri öll í þessum Messiaen-stíl, og ég gerði það.“

Jónas segir Björk hafa verið afar hrifna af þessari tilraun hans og lagið sem hann færði í Messiaen-stíl var flutt margoft á ferðalagi þeirra.

„Eftir að túrinn var búinn þá hafði hún samband við mig og spurði hvort ég vildi ekki gera með henni útsetningar á lögunum hennar fyrir píanó, orgel, sembal og selestu.“

Jónas stökk á tækifærið og við tók mikil vinna. „Þetta er búið að taka langan tíma, eða átta ár nánar tiltekið. Lögin hennar hafa aldrei komið út í nótum og hugmyndin var þá að gefa út veglega útgáfu með lögunum hennar. Allir sem hafa einhverja kunnáttu á hljómborðshljóðfæri geta spilað þau, og líka sungið en röðin er einnig skrifuð í nótur með texta,“ segir Jónas um bókina sem kemur út 5. júní.



Bókverkið geymir 34 útfærslur með nótum af lögum Bjargar.

**ANNAÐHVORT FÍLAÐI HÚN ÞAÐ EÐA HATAÐI ÞAÐ, ÞAÐ GERÐIST ALVEG STUNDUM.**

## Ekki alltaf sammála

Aðspurður hvernig samstarfið hafi gengið segir Jónas þetta hafa gengið afar vel þó að þau Björk hafi ekki endilega alltaf verið sammála. „Oft vildi ég fara mína leið, en ekkert alltaf. Ef ég heyri eitthvert lag eftir Björk þá dettur mér oft í hug hvernig væri hægt að útfæra það í einhvern annan stíl. Í þessu ferli settist ég bara niður og bjó til útsetningu eða einhvers konar tilbrigði og svo spilaði ég það fyrir Björk. Annaðhvort fílaði hún það eða hataði það, það gerðist alveg stundum,“ segir hann og hlær. „Þá settist ég bara aftur yfir þetta og oft þurfti hún að hjálpa mér. Ég myndi segja að flestar útsetningarnar í bókinni væru gerðar af okkur Björk saman. Hún er harður gagnrýnandi og ekki má gleyma að hún hefur gert ótal útsetningar á tónlist sinni á öðrum vettvangi, þ.e. fyrir strengi, kóra og blásara.“

Jónas er himinlifandi með útkomuna enda er um vandað bókverk að ræða. „Já, við erum búin að fara svo vandlega yfir þetta með hjálp margra sérfræðinga.“

Um umbrotshliðina sá franska listamannateymið M/M Paris sem hefur unnið töluvert með Björk í gegnum tíðina. „Umbrotið er rosalega fallegt en M/M Paris hannaði alveg sérstakt tónlistarletur sem er mjög í anda Bjarkar.“

Þess má geta að sumar útsetningarnar voru frumfluttar af Jónasi og Ásgerði Júníusdóttur mezzósópran á Listahátíð 2010, en aðrar voru frumfluttar í þáttaröðinni Átta raddir, sem Jónas hafði umsjón með fyrir nokkrum árum. Upptökur af flutningi nokkurra laganna er að finna á vefsíðu hans, jonas-sen.com.

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


MERIDA
MERIDA MATTS 10
VERÐ ÁÐUR 69.990.-
NÚNA 55.992.-
MERIDA MATTS 15
VERÐ ÁÐUR 79.990.-
NÚNA 63.992.-
MERIDA MATTS J24
VERÐ ÁÐUR 64.990.-
NÚNA 51.992.-
MERIDA HJÓLADAGAR
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM HJÓLUM OG HJÓLAVARNINGI 3.–8. MAI
MERIDA MATTS J24
VERÐ ÁÐUR 64.990.-
NÚNA 51.992.-
MERIDA CROSSWAY 100
VERÐ ÁÐUR 119.990.-
NÚNA 95.992.-
MERIDA CROSSWAY 100
VERÐ ÁÐUR 119.990.-
NÚNA 95.992.-
MERIDA CYCLOCROSS 500
VERÐ ÁÐUR 219.990.-
NÚNA 175.992.-
MERIDA JULIET 10
VERÐ ÁÐUR 69.990.-
NÚNA 55.992.-
MERIDA JULIET 15
VERÐ ÁÐUR 79.990.-
NÚNA 63.992.-
MERIDA DINO 12
VERÐ ÁÐUR 24.990.-
NÚNA 19.992.-
MERIDA DINO 16
VERÐ ÁÐUR 27.990.-
NÚNA 22.932.-
MERIDA BELLA 12
VERÐ ÁÐUR 24.990.-
NÚNA 19.992.-
MERIDA BELLA 16
VERÐ ÁÐUR 27.990.-
NÚNA 22.392.-
ELLINGSEN
TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550
SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS
FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR



Bjarna Karlssonar

## Lífsvon

Næstu föstudagsnótt ætla hundruð Íslendinga að hittast bæði í Laugardalnum í Reykjavík og við gamla Leikfélagshúsið á Akureyri á fáránlegasta tíma sólarhringsins, kl. fjögur að nóttu þegar tæknilega séð er kominn laugardagur, til þess að ganga á móti sólarupprásinni.

Við sem þarna mætum munum tilheyra hundruðum þúsunda manna vítt um heim sem þessa nótt sameinast í baráttunni við sjálfsvígsvandann og ganga úr myrkrinu í ljósið í minningu þeirra sem fallið hafa fyrir eigin hendi.

Það að treysta sér ekki til að lifa er í sjálfu sér ekkert skrýtið. Fyrir því geta verið margar gildar ástæður. En sársaukinn sem fylgir er hræðilegur. Mikil angist, vanmáttur, sorg og lamandi skömm.

Flest fólk lifir af og fyrsta skrefið út úr myrkrinu gerist oftast í mannlegri nánd. Maður er enn þá inni í myrkrinu þegar lagt er af stað og maður kemst af stað vegna þess að það er einhver sem kemur, stoppar hjá manni og þolir ástandið. Einhver sem er ekki hræddur við að vera hræddur. Einhver sem er ekki miður sín yfir því að vera miður sín og skammast sín ekki lengur fyrir skömmina. Þannig byrjar oftast gangan í lífi þeirra sem lifa af og komast úr myrkrinu í ljósið. Einmitt þess vegna komum við saman áður en sól rís, finnum styrk í nálægð við aðra og göngum af stað til að heilsa deginum.

Samtökin Pieta Ísland, sem standa að göngunni, eru stofnuð að írskri fyrirmynd og ætla sér að opna nýtt úrræði þar sem fólk í sjálfsvígshættu nýtur mannlegrar nándar og faglegrar þjónustu innan 24 stunda frá því beiðni berst.

Málið varðar hverja einustu stórfjölskyldu í landinu og því er ástæða til að fjölmenna. Upplýsingar varðandi skráningu o.fl. má nálgast á Fb-síðu Pieta Ísland.










*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.
BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS